FRÉTTABLAÐIÐ
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

AUGLÝSING

blómaval HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

Allt fyrir jólin á einum stað

Skoðaðu jólablaðið á **husa.is**

Jólastjarna

Fersk og falleg

1.990 kr

~~2.490 kr~~

blómaval

JÓLIN FYRIR ÞIG

Alvöru úrval af jólaskrauti

Vinsælar jólagjafir

á frábæru verði

BerlingerHaus

30%

18.400 kr

~~26.285 kr~~

Vinsæl vara

Pottasett

Royal Black, 10 stk. **2002951**

20%

Electrolux

71.995 kr

~~89.995 kr~~

Ofn EOD5C50Z

Með SteamBake tækni, veitir betri skorpu á brauð, möffins og annan mat. Katalískur sjálfhreinsibúnaður, fletir sem eyða fitu og óhreinindum. Mjúklokun, tekur 72 ltr., orkuflokkur A. **1860076**

Electrolux

5.990 kr

~~6.995 kr~~

Brauðrist

Fyrir 2 sneiðar, 7 stillingar á ristun og afþýðingarmöguleiki. **1840110**

Electrolux

8.990 kr

Kaffivél

Svört, 1100W, 10 bollar. **1840107**

25%

5.349 kr

~~7.135 kr~~

Vöfflujárn

Belgískt. **1841186**

Vinsæl vara

12.990 kr

Örbylgjuofn

BERK, 20 ltr., 700W, 5 styrkleikastillingar, 25,5 cm diskur, tímastillir, Smart Clean og Defrost stillingar,25,7x 44,2x35,8 cm. **1860504**

FRÉTTABLAÐIÐ

256. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 3. DESEMBER 2020

Hamarshöggin dynja á meðan óstýrilátur plastdúkur berst til í vindinum við Hegningarhúsið á Skólavörðustíg. Þar sem húsið er friðað samkvæmt lögum um menningarminjar er mikilvægt að endurgerð hússins taki mið af upprunalegri gerð þess. Stefnt er á að húsið verði opið almenningi og að starfsemi í húsinu geti staðið undir rekstri þess. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fyrstir til að leyfa bóluefni

ERLENT Bretar hafa fyrstir þjóða gefið grænt ljós á bóluefni við COVID-19. Talið er að Bandaríkjamenn verði næstir í röðinni en Evrópusambandið horfir til áramóta. Bólusetningar í Bretlandi munu að óbreyttu hefjast um miðjan mánuðinn.

» Mun það taka nokkur ár að bólusetja milljarða fólks um heim allan

Rússar og Kínverjar vinna nú að því að koma sínum bóluefnum á markað um heim allan. Þó að mikill skriður sé kominn á málefni bólusetninga er ljóst að sóttvarnaaðgerðir munu halda áfram á næsta ári. Mun það taka nokkur ár að bólusetja milljarða fólks um heim allan. **– khg / sjá síðu 10**

Kallaður til yfirheyrslu

Fyrrverandi lögreglustjóri á Suðurnesjum hefur auk tveggja starfsmanna embættisins verið kallaður til yfirheyrslu vegna rannsóknar héraðssaksóknara.

STJÓRNSÝSLA Ólafur Helgi Kjartansson, fyrrverandi lögreglustjóri á Suðurnesjum, hefur auk tveggja starfsmanna embættisins verið kallaður til yfirheyrslu í tengslum við rannsókn héraðssaksóknara. Starfsmennirnir tveir hafa verið sendir í leyfi á meðan á rannsókninni stendur.

Ekki eru staðfestar heimildir fyrir sakarefninu en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru starfsmenn kallaðir á fund lögreglustjóra í haust til að ræða meint trúnaðarbrot.

Ólafur Helgi lét af störfum sem lögreglustjóri á Suðurnesjum í ágúst síðastliðnum og tók hann við starfi sérfræðings í dómsmálaráðuneyt-

Ólafur Helgi Kjartansson, fyrrverandi lögreglustjóri á Suðurnesjum

inu. Grímur Hergeirsson tók við embættinu tímabundið. Úlfar Lúðvíksson var skipaður lögreglustjóri í nóvember.

Miklar deilur voru innan embættisins í sumar, þar á undan hafði verið mikið um samskiptaörðugleika. Aðstoðarsaksóknari, mannauðsstjóri og yfirlögfræðingur embættisins fóru í veikindaleyfi eftir að tveir starfsmenn kvörtuðu til Ólafs Helga undan einelti. Hafa þau alfarið neitað þeim ásökunum.

Samkvæmt heimildum snýr meint trúnaðarbrot að hluta til að birtingu bréfs sem Ólafur sendi dómsmálaráðuneytinu í sumar.

Í bréfinu, sem var sent áður en Ólafur náði samkomulagi við ráðuneytið, fer hann meðal annars fram á að veikindaleyfi yfirmannanna verði skoðuð nánar af ráðuneytinu. Segir hann í bréfinu það með ólíkindablæ að yfirmennirnir, sem hafi lent í illdeilum við lögreglustjóra, hafi samtímis orðið veikir.

Ólafur Helgi vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað.

– ab, mhj

Aukinn ótti áhyggjuefni

SAMFÉLAG „Um fjórutíu prósent Íslendinga trúa því að hryðjuverkaógn aukist hér með auknum fjölda innflytjenda frá löndum þar sem múslimar eru í meirihluta og það er áhyggjuefni," segir Margrét Valdimarsdóttir, lektor við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri.

Margrét Valdimarsdóttir

Miklar breytingar hafa orðið á íslensku samfélagi undanfarin tuttugu ár og segir Margrét að þótt viðhorf Íslendinga til innflytjenda sé almennt gott séu þó skoðanir sem geti valdið áhyggjum.

bdj / sjá síðu 4

Súfistinn í Hafnarfirði.

Súfistinn verði að lítilli mathöll

HAFNARFJÖRÐUR Fyrirætlanir eru um að byggja við Strandgötu 9, sem nú hýsir kaffihúsið Súfistann, og breyta jarðhæð húsnæðisins í mathöll. Viðbyggingin verður vestan og norðan við núverandi hús. Þá er gert ráð fyrir að níu smáíbúðir verði skipulagðar í viðbyggingunni.

Fyrirspurn þessa efnis var lögð fyrir skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarbæjar í vikunni og var tekið jákvætt í erindið. Hugmyndin er ekki ný af nálinni en lengi hefur legið fyrir leyfi til þess að byggja við húsið. Í nýju hugmyndinni er þó gert ráð fyrir að byggingamagnið aukist og að íbúðirnar verði níu talsins í stað þriggja áður.

Í nýju hugmyndinni er gert ráð fyrir að byggingamagn aukist og að íbúðir í húsnæðinu verði níu talsins.

Á jarðhæð viðbyggingarinnar og í því rými sem nú hýsir Súfistann er ráðgert að skipuleggja litla mathöll með fjórum til fimm veitingastöðum og sameiginlegu rými fyrir 80 gesti. Á annarri hæð nýbyggingarinnar verði síðan fimm íbúðir á bilinu 33-50 fermetrar og á þriðju hæð hússins verði fjórar 33 fermetra íbúðir. Í kjallara nýbyggingarinnar verði meðal annars vinnuaðstaða fyrir mathöllina, kælar, lager og starfsmannaaðstaða.

Í fyrirspurninni kemur fram að þegar hafi nokkrir veitingastaðir sem getið hafi sér gott orð, bæði í Hafnarfirði og utan bæjarins, lýst yfir áhuga á verkefninu og að hugmyndin sé að bjóða upp á svipaða blöndu veitingastaða og er í Mathöllinni á Hlemmi. **– þþ**

Kaldranaleg flugferð

Fiðraður einfari flæktist um í norðanáttinni í gær á meðan Keilir vakti dulur yfir Reykjanesinu. Veðrið hefur verið leiðinlegt að undanförnu og því miður eru engar blíðuhorfur fram undan. Óhætt er að mæla með föðurlandi og rjúkandi heitum drykkjum á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

204 einstaklingar eru í einangrun.

Yfir 200 með smit á landinu

COVID-19 Sextán greindust með kórónaveiruna í fyrradag, af þeim voru fimm utan sóttkvíar. Í gær voru 204 í einangrun og 637 í sóttkví.

Af þeim 204 sem voru í einangrun voru 172 á höfuðborgarsvæðinu. Flestir á aldrinum 50-59 ára og næstflestir á aldrinum 30-39 ára.

Þrjátíu og níu lágu á sjúkrahúsi vegna COVID-19, þar af tveir á gjörgæslu. **– ab**

Andlegri heilsu meðal ungmenna hrakar

Ungmenni á landinu upplifa meiri kvíða, álagið á heimilinu er meira og samskipti við foreldra hafa versnað í þriðju bylgju COVID sé miðað við þá fyrstu. Ný rannsókn var kynnt í síðustu viku en verið er að rýna í niðurstöður.

HEILSA „Kvíði hefur aukist meira meðal stúlkna en stráka. Við höfum verið að velta því fyrir okkur heilmikið hver orsökin gæti verið og hvernig stæði á því. Við erum að rýna gögnin eins og er," segir Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor við sálfræðideild Háskólans í Reykjavík og lýðheilsudeild Columbia-háskóla í New York, sem kynnti nýjar niðurstöður úr tveimur rannsóknum á ráðstefnu um Grunnskóla og geðheilbrigði í síðustu viku. Rannsóknirnar tvær sýna að andlegri líðan ungmenna hrakar mikið á milli fyrstu bylgju COVID-faraldursins og þeirrar þriðju.

Önnur rannsóknin byggir á könnun Rannsókna og greiningar, sem var lögð fyrir rúmlega níu þúsund nemendur í þremur efstu bekkjum grunnskóla nú í haust – í samstarfi við sveitarfélög um allt land. Hin er hluti af stórri rannsókn þar sem árgangi ungmenna sem fædd eru árið 2004 er fylgt eftir og kallast Lifecourse.

Inga Dóra sýndi í fyrirlestri sínum svokallaðan vellíðunarkvarða sem fer víðast hvar niður í þriðju bylgju, hvert sem litið er. „Það er ekkert skrítið að unglingarnir séu kvíðnir því ástandið er óvenjulegt. Þessi daglegi strúktúr sem er ekki lengur til staðar er líklegri til að valda stelpunum meiri kvíða en strákum. Svo þekkjum við vel að félagslegt umhverfi og vinahópurinn og þessi félagslegu tengsl tengjast andlegri líðan sterkar meðal stelpna en stráka."

Samband við fjölskyldu fer hratt niður á við frá fyrstu bylgju og til þriðju. „Við höfum lagt mikla áherslu á samverustundir foreldra og barna og unglinga, en í þessu ástandi eru vísbendingar um að samveran valdi meira álagi á heimilinu, sem er kannski eðlilegt. Það eru allir að reyna að vinna og fá vinnufrið," segir Inga Dóra.

Fram kemur í rannsókninni að kvíði leggst meira á stelpur en stráka í COVID-faraldrinum. Verst er ástandið á framhaldsskólastigi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ég er bjartsýn á að við náum að vinda ofan af þessu þegar við erum búin að skilja nákvæmlega orsakirnar og hvað það er sem við þurfum að vinna í að bæta.

Inga Dóra Sigfúsdóttir

Hún segir að kosturinn við Ísland sé að það séu meiri líkur en minni á að hægt verði að vinda ofan af þessari COVID-kynslóð sem elst nú upp fyrir framan tölvuskjá og má ekki hitta neinn. „Eins og í mörgu þegar kemur að málefnum barna og unglinga þá er Ísland fyrirmynd. Við erum vön að vinna með niðurstöður rannsókna. Ég er bjartsýn á að við náum að vinda ofan af þessu þegar við erum búin að skilja nákvæmlega orsakirnar og hvað það er sem við þurfum að vinna í að bæta. Eins og alltaf erum við í rannsóknunum í nánu samstarfi við félaga okkar í stefnumótun og starfi á vettvangi.

Sveitarfélög víða um land eru þegar búin að hrinda af stað ýmsum góðum verkefnum með það að markmiði að bæta líðan ungmenna," segir hún, en samstarfsfólk hennar liggur nú yfir rannsóknunum sem verða kynntar á foreldraþingi í samstarfi Rannsókna og greiningar og sveitarfélaga þann 9. desember.

benediktboas@frettabladid.is

Áfram Ísland!

Við óskum kvennalandsliði Íslands í knattspyrnu og þjóðinni allri til hamingju með að hafa tryggt Íslandi þátttökurétt á EM í Englandi sumarið 2022. Árangurinn undirstrikar enn frekar gæði íslenskrar knattspyrnu og bætist á afrekalista landsliðanna síðustu ár. Vel gert! Við stöndum öll með ykkur og hlökkum mikið til úrslitakeppninnar í Englandi.

Velferðarvaktin leggur meðal annars til ókeypis skólamáltíðir

COVID-19 Velferðarvaktin leggur meðal annars til að „unnið verði að því að sporna gegn félagslegri einangrun og einmanaleika aldraðra sem orðið hefur vegna COVID-19“. Tillögur Velferðarvaktarinnar voru birtar á vef Stjórnarráðsins í gær.

Um er að ræða fjórtán tillögur til bæði ríkis og sveitarfélaga, sem ætlað er að vera leiðarljós fyrir stjórnvöld á tímum kórónaveirufaraldursins. Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar, segir í samtali við Fréttablaðið að tekið hafi verið tillit til ýmissa þessara tillagna og ábendinga sem Velferðarvaktin lagði til fyrr í faraldrinum en hún búist við því að grípa þurfi til frekari úrræða. „Tillögurnar eru leiðarljós í þeirri vinnu,“ segir Siv.

Tillögurnar fela meðal annars í sér að hámarksgreiðslur barnabóta til einstæðra foreldra og tekjulágra hópa verði hækkaðar, að hagur öryrkja og barna þeirra verði bættur og að þeim börnum sem búi við fjárhagsþrengingar verði tryggðar ókeypis skólamáltíðir.

> **Við höfum auðvitað áhyggjur af þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu.**
>
> Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar

„Við höfum auðvitað áhyggjur af þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu og þess vegna viljum við koma með okkar sjónarmið að borðinu og leggjum því fram leiðarljós til stjórnvalda,“ segir Siv.

Í tillögunum felst einnig að við útfærslu mótvægisaðgerðanna verði sérstök áhersla lögð á þau landsvæði sem verði hvað mest fyrir barðinu á kórónaveirufaraldrinum og tekur Siv þar dæmi um áhrif faraldursins á Suðurnesjum. „Þar eru heimamenn að gera sitt besta í þjónustunni en staðan er afar þung, til dæmis varðandi atvinnuleysi,“ segir hún. **– bdj**

Héraðsdómur Suðurlands.

Guðmundur aftur í gjaldþrot

DÓMSMÁL Guðmundur A. Birgisson, oftast kallaður Guðmundur á Núpum, hefur nú verið lýstur gjaldþrota rúmum tveimur mánuðum eftir að hann var dæmdur til tveggja ára skilorðsbundins dóms í Héraðsdómi Suðurlands fyrir 300 milljóna króna skilasvik og peningaþvætti í tengslum við eigið gjaldþrot frá árinu 2014. Greint er frá gjaldþroti Guðmundar í Lögbirtingablaðinu í dag.

> **Guðmundur fékk tveggja ára skilorðsbundinn dóm fyrir 300 milljóna króna skilasvik og peningaþvætti.**

Guðmundur játaði brot sín fyrir dómi í haust og kemur fram í dóminum að vegna „skýlausrar játningar“ hans og verulegs dráttar á málinu í meðferð á rannsóknarstigi hafi dómara þótt tvö ár skilorðsbundin hæfileg refsing. Guðmundur var þó dæmdur til að greiða sakarkostnað sem var um 800 þúsund krónur.

Guðmundur var mjög umsvifamikill í íslensku atvinnulífi fyrir og um hrun. Hann var, sem dæmi, hluthafi í Sláturfélagi Suðurlands, HB Granda, Hótel Borg og fleiri félögum.

Guðmundur var annar umsjónarmanna minningarsjóðs auðkonunnar Sonju Zorilla, sem lést árið 2002. Talið er að eignir hennar hafi numið um tíu milljörðum króna en óljóst er um afdrif fjármunanna. **– þþ**

Stór hluti Íslendinga telur ógn aukast með fleiri múslimum

Um 40 prósent Íslendinga telja hryðjuverkaógn aukast hér með auknum fjölda innflytjenda og flóttafólks frá löndum þar sem múslimar eru í meirihluta. Lektor í félagsvísindum segir það áhyggjuefni. Afar mikilvægt sé að taka vel á móti innflytjendum svo að líkur aukist á að þeir samlagist samfélaginu.

SAMFÉLAG „Stór hluti Íslendinga trúir því að líkur á hryðjuverkum hér á landi aukist með auknum fjölda innflytjenda,“ segir Margrét Valdimarsdóttir, lektor við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Hún mun flytja erindi á Félagsfræðideginum í dag, þar sem hún fjallar um viðhorf til innflytjenda og flóttafólks og óttann við fjölgun afbrota og aukna hryðjuverkaógn.

Margrét segir íslenskt samfélag hafa gjörbreyst á síðustu tuttugu árum, mikil aukning hafi orðið í fjölda bæði flóttafólks og innflytjenda. Þá segir hún almennt viðhorf Íslendinga til innflytjenda gott en að um leið og kafað sé dýpra komi í ljós skoðanir sem geti valdið áhyggjum.

„Um fjörutíu prósent Íslendinga trúa því að hryðjuverkaógn aukist hér með auknum fjölda innflytjenda og flóttafólks frá löndum þar sem múslimar eru í meirihluta og það er áhyggjuefni,“ segir Margrét.

„Þessi viðhorf og þessi ótti hefur síðan áhrif á það hversu jákvætt fólk er gagnvart því að taka á móti flóttafólki og rannsóknir sýna að því neikvæðara sem viðhorf er til flóttafólks og innflytjenda í móttökulandinu því ólíklegra er að þau aðlagist samfélaginu,“ segir hún.

„Þegar innflytjendur eiga erfitt með að samlagast samfélaginu, það er einmitt eitthvað sem við ættum að hafa áhyggjur af,“ segir Margrét. Hún segir áhrif fjölgunar innflytjenda geta verið jákvæð eða neikvæð.

„Þegar maður skoðar það í mismunandi löndum heimsins þá sér maður að það fer mikið eftir því hvernig móttökurnar eru og viðhorf samfélagsins. Það að innflytjendur samlagist samfélaginu skiptir miklu máli,“ segir Margrét og bætir við að aðrar breytur en þær að einstaklingar séu innflytjendur eða flóttafólk hafi líklega meiri áhrif á afbrotahegðun, svo sem tekjur og menntun.

Um fjórtán prósent íbúa Íslands eru innflytjendur og á síðustu tíu árum hefur fjöldi einstaklinga sem hér fær alþjóðlega vernd sjöfaldast árlega. Áhyggjuefni sé ef að innflytjendur samlagist samfélaginu illa. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við þurfum að átta okkur á því að við búum í breyttu samfélagi.**

Margrét Valdimarsdóttir, lektor við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri

„Það hefur sýnt sig til dæmis í Svíþjóð þar sem opinberar tölur benda til þess að innflytjendur séu líklegri til að brjóta af sér en aðrir, að þrátt fyrir að þar sé almennt góð innflytjendastefna sé fólk ekki að ná að aðlagast sænsku samfélagi. Margir hafa litla menntun og búa í fátækum hverfum og það eru auðvitað þættir sem tengjast afbrotum,“ segir Margrét.

Aðspurð hvað sé til ráða segir Margrét breytingar á hugarfari mikilvægar. „Við þurfum að átta okkur á því að við búum í breyttu samfélagi og því betur sem tekið er á móti flóttamönnum og innflytjendum því betra er það fyrir samfélagið í heild,“ segir hún.

Erindi Margrétar verður flutt á Zoom á hádegi í dag, þegar Félagsfræðidagurinn verður haldinn hátíðlegur í þriðja sinn. Ítarlegri grein um efnið mun birtast í Stjórnmál og stjórnsýsla um miðjan desember. **birnadrofn@frettabladid.is**

Frá afhendingu Hvatningarverðlauna 2019

Í dag, á Alþjóðadegi fatlaðs fólks, veitum við Hvatningarverðlaun ÖBÍ í 14. sinn

Við óskum fötluðu fólki til hamingju með daginn,
og hvetjum ykkur til að vera sýnileg, í dag, sem og aðra daga
Takið pláss og krefjist lífs til jafns við aðra!

Þriðja júní á síðasta ári samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktunartillögu: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Frumvarp, sem feli í sér lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að honum, verði lagt fram á Alþingi með það að markmiði að samningurinn verði lögfestur eigi síðar en 13. desember 2020“.

Atkvæði féllu þannig:
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir: já
Andrés Ingi Jónsson: já
Anna Kolbrún Árnadóttir: já
Ari Trausti Guðmundsson: já
Ágúst Ólafur Ágústsson: já
Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir: já
Ásmundur Einar Daðason: já
Ásmundur Friðriksson: já
Bergþór Ólason: já
Birgir Ármannsson: já
Birgir Þórarinsson: já
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir: já
Bjarni Benediktsson: já
Björn Leví Gunnarsson: já
Bryndís Haraldsdóttir: já
Brynjar Níelsson: greiðir ekki atkvæði
Guðjón S. Brjánsson: já
Guðlaugur Þór Þórðarson: já
Guðmundur Ingi Kristinsson: já
Guðmundur Andri Thorsson: já
Gunnar Bragi Sveinsson: fjarverandi
Halla Signý Kristjánsdóttir: já
Halldóra Mogensen: já
Hanna Katrín Friðriksson: já
Haraldur Benediktsson: já
Helga Vala Helgadóttir: já
Helgi Hrafn Gunnarsson: já
Inga Sæland: já
Jón Gunnarsson: já
Jón Þór Ólafsson: já
Jón Steindór Valdimarsson: já
Karl Gauti Hjaltason: já
Katrín Jakobsdóttir: já
Kolbeinn Óttarsson Proppé: já
Kristján Þór Júlíusson: já
Lilja Alfreðsdóttir: já
Lilja Rafney Magnúsdóttir: já
Líneik Anna Sævarsdóttir: já
Logi Einarsson: fjarverandi
Njáll Trausti Friðbertsson: fjarvist
Oddný G. Harðardóttir: já
Ólafur Þór Gunnarsson: já
Ólafur Ísleifsson: já
Óli Björn Kárason: já
Páll Magnússon: já
Rósa Björk Brynjólfsdóttir: já
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson: fjarverandi
Sigríður Á. Andersen: greiðir ekki atkvæði
Sigurður Ingi Jóhannsson: já
Sigurður Páll Jónsson: fjarverandi
Silja Dögg Gunnarsdóttir: já
Smári McCarthy: já
Steingrímur J. Sigfússon: já
Steinunn Þóra Árnadóttir: já,
Svandís Svavarsdóttir: já
Vilhjálmur Árnason: já
Willum Þór Þórsson: já
Þorgerður K. Gunnarsdóttir: já
Þorsteinn Sæmundsson: já
Þorsteinn Víglundsson: já
Þórarinn Ingi Pétursson: já
Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir: já
Þórhildur Sunna Ævarsdóttir: fjarverandi

Á Alþjóðadegi fatlaðs fólks sendum við Alþingi hugheila hvatningu til að fara að vilja Alþingis og lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

ÖBÍ

Leikskólakennarar telja sig illa svikna vegna sumaropnana

HAFNARFJÖRÐUR Hafnarfjarðarbær ráðgerir að leikskólar bæjarfélagsins verði opnir allt árið um kring á næsta ári, en tillaga þess efnis var samþykkt í Fræðsluráði bæjarins á dögunum. Hingað til hafa leikskólarnir verið lokaðir allan júlímánuð en nú munu foreldrar geta valið hvenær börn þeirra taka sumarfrí. Slíkt fyrirkomulag tíðkast til dæmis í nágrannasveitarfélaginu Garðabæ.

Fyrirætlanirnar hafa fallið í grýttan jarðveg meðal starfsmanna leikskóla og áformin sögð illa undirbúin. Hafa fulltrúar leikskólastarfsmanna sagt að fyrirætlanirnar séu unnar án samráðs við starfsfólkið og að þær komi til með að bitna á faglegu starfi leikskólanna.

Hafa meðal annars stjórnir Félags stjórnenda leikskóla og Félags leikskólakennara hvatt til þess að ákvörðunin verði endurskoðuð. Meðal annars með þeim rökum að hlutfall fagfólks í leikskólum hafi lækkað undanfarin ár og að við slíkar aðstæður sé óskynsamlegt að auka álagið á skólunum.

> **Um 400 starfsmenn Hafnarfjarðar skrifuðu undir mótmæli gegn sumaropnunum leikskólanna.**

Á fundi fræðsluráðs Hafnarfjarðar í gær var lagt fram harðort bréf frá Lilju Kolbrúnu Steinþórsdóttur, leikskólastjóra Álfabergs, þar sem hún segist upplifa sig illa svikna af sveitarfélaginu sem hún hafi unnið hjá í 25 ár.

Segir hún ólíðandi ekki sé mark tekið á um 400 undirskriftum starfsmanna bæjarins sem hvöttu bæjaryfirvöld til þess að hætta við áætlanir sínar. „Ég bið ykkur um að halda því ekki á lofti að vinnan í kringum sumaropnun hafi verið unnin í sátt við starfsmenn leikskólanna, það er olía á eldinn," skrifar Lilja Kolbrún.

Bendir hún á að leikskólinn sé fyrsta skólastigið og hafi haft upphaf og endi. Með sumaropnun tvístrast starfsfólk leikskólanna yfir sumarmánuðina og inn komi óreynt starfsfólk tímabundið. Það muni hafa neikvæð áhrif á faglegt starf skólanna og gera það að verkum að erfiðara verði að fá hæft fólk til starfa. **– þþ**

Mikill fjöldi bíður eftir plássi á Vogi

Þriðjungur nýtir ekki plássið á Vogi

HEILBRIGÐISMÁL 518 einstaklingar voru á biðlista eftir innlögn á Vog þann 9. nóvember síðastliðinn. Af þeim voru rúm 30 prósent konur og tæp 70 prósent karlar. Þetta kemur fram í svari Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Söru Elísu Þórðardóttur, varaþingmanns Pírata.

70%

þeirra sem eru á biðlista eftir innlögn eru karlmenn.

Í svarinu kemur einnig fram að um þriðjungur þeirra sem skrá sig á biðlista nýti ekki þjónustuna þegar hún býðst. Árið 2018 hafi fjöldi beiðna um innlögn verið 3.191 en innritanir 2.275 talsins. Það ár létust átta einstaklingar á biðlista. Árið síðar var fjöldi beiðna 3.339 en innritanir voru 2.137 talsins. Sama ár létust þrettán einstaklingar sem biðu innlagnar. Í ár hefur enginn einstaklingur á biðlista látist en bæði beiðnum og innlögnum hefur fækkað.

Í svari ráðherra kemur fram að ekki liggi fyrir „upplýsingar um orsakir andláts fólks þegar það deyr meðan það bíður þannig að ekki er hægt að draga þá ályktun að biðin hafi orsakað andlátið". **– bdj**

Mývetningar blása til sóknar

Samkvæmt nýrri fjárfestingaáætlun Skútustaðahrepps á að blása til metnaðarfullrar viðspyrnu. COVID hefur farið illa með hreppinn enda byggist atvinnulífið á ferðaþjónustu. Stefnan er að snúa vörn í sókn.

MÝVATN „COVID var högg og það er svolítið þungt hérna núna en við erum að blása í jákvæða lúðra með því að fara í metnaðarfulla viðspyrnu og ítarlega fjárfestingaáætlun. Við höfum trú á að við séum að glíma við tímabundið vandamál sem við munum rífa okkur út úr og verðum sterkari þegar því lýkur," segir Helgi Héðinsson, oddviti Skútustaðahrepps í Mývatnssveit, en hreppurinn kynnti nýja fjárfestingaáætlun á fundi sveitarstjórnarinnar í síðustu viku.

Þar kemur fram að samstillt átak einkaaðila, sveitarfélagsins og ríkisins þurfi að koma til svo að takast megi að snúa ofan af miklu atvinnuleysi og byggja upp innviði. Sveitarfélagið hafi þegar ráðist í lántöku í kjölfar faraldursins og muni þurfa taka frekari lán til að hægt verði að hrinda fjárfestingaáætluninni í framkvæmd.

Alls gerir sveitarfélagið ráð fyrir að fjárfesta fyrir um hálfan milljarð, þar af fara 330 milljónir í göngu- og hjólreiðastíg frá Dimmuborgum og alla leið að Skútustöðum í samstarfi við Vegagerðina. Nú þegar er búið að taka hluta af téðum göngustíg í notkun sem nær frá Vogum og að Dimmuborgum en klárað verður að gera stíg frá Reykjahlíðarþorpi að Vogum næsta vor.

„Stefnan er að búa til heild frá Reykjahlíð og að Skútustöðum með tengingu við helstu náttúruperlur á leiðinni, svo sem Hverfjall, Dimmuborgir og Höfða. Þegar fram í sækir er hugmyndin að fara svo allan hringinn."

Fari Mývetningar hringinn í kringum vatnið með stíginn er hann nánast maraþonlengd sem yrði einhver fallegasta maraþonleið

Göngustígurinn var vígður fyrr í ár en stefnan er að klára allan hringinn. Mývetningar ætla að snúa vörn í sókn í faraldrinum. MYND/ALMA BENEDIKTSDÓTTIR

> **Hugmyndin er að nýta slakann og fara í uppbyggingu rétt á meðan.**
>
> Helgi Héðinsson, oddviti Skútustaðahrepps

Gamli skólinn verður þjónustumiðstöð

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur óskað eftir heimild í fjáraukalögum til að kaupa gamla barnaskólann í Mývatnssveit þar sem Hótel Gígur hefur verið rekið á Skútustöðum. Á að breyta skólanum í þjónustumiðstöð.

Í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð er kveðið á um að ríkið skuli koma á fót meginstarfsstöðvum vegna starfsemi þjóðgarðsins á tilteknum stöðum, meðal annars í Mývatnssveit. Vill ríkið skoða frekar að kaupa húsnæði en að byggja ný hús. Segir í frumvarpinu að núverandi eigendur Hótels Gígs vilji selja umrædda eign sem er um 1.300 fermetrar og stendur á stórkostlegum stað við suðvesturbakka Mývatns.

Skútustaðahreppur telur að mikil samlegðar- og nýsköpunartækifæri séu til staðar verði af kaupum ríkisins á eigninni ásamt því að hafa jákvæð samfélags- og efnahagsáhrif á svæðið. Sveitarfélagið hefur áhuga á því að taka þátt í verkefninu með einhverjum hætti, til dæmis með því að leigja aðstöðu í húsnæðinu undir þekkingarsetur og frumkvöðla.

í heimi. „En það er stórt, flókið og dýrt verkefni þannig að við erum að gera þetta í áföngum í góðu samstarfi við Vegagerðina," bætir hann við.

Faraldurinn hefur farið töluvert illa með hreppinn enda byggir atvinnulífið þar að stórum hluta á ferðaþjónustu. Samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur orðið þriðja mesta fólksfækkun í hreppnum síðan faraldurinn byrjaði og segir Helgi það miður að hafa misst gott fólk úr sveitinni. En það þýði ekkert að leggjast í kör heldur verði að horfa fram á veginn.

„Hugmyndin er að nýta slakann og fara í uppbyggingu rétt á meðan," segir oddvitinn og bætir við: „Stefnan er að snúa vörn í sókn. Við lítum svo á að ástandið sé tímabundið og þó það sé slæmt og hafi komið hart við hreppinn þá ætlum við ekki að fara í vörn. Þetta eru metnaðarfullar viðspyrnuaðgerðir og það skín í gegn að við erum að stíga á bensíngjöfina."

benediktboas@frettabladid.is

Viltu betri svefn?

Kynnum með stolti, DÍS

Ný heilsurúm hönnuð og framleidd á Íslandi

Gæði | Þægindi | Aðlögun

Sérframleiðsla fyrir þínar þarfir.
Margar stærðir frá 70X200CM og upp í 220X220CM (eða samkvæmt máli).

Við kynnum með stolti ný heilsurúm, **„DÍS"** sem saman standa af mjög fjölbreyttu úrvali heilsurúma sem auðvelt er að laga að þínum þörfum.

Öll hráefni sem notuð eru við framleiðsluna eru vottuð með OEKO-TEX 100 umhverfisvottunninni.

Rúmin eru svæðaskipt, lagast einstaklega vel að líkamanum og veita einstaka þyngdardreyfingu. Margir möguleikar eru í boði allt frá rúmum með hágæða tunnulaga pokagormakerfi, 100% Latexi, þrýstijöfnunar- eðakaldsvampi, gerð úr hágæða **Mayan Green 100%** náttúrulatexi

Íslensk framleiðsla í 71 ár.
Lystadún Snæland - Síðan 1949
Framleitt af Vogue fyrir heimilið.

Svífðu inn í draumalandið með DÍS þinna drauma.

Nánari upplýsingar er að finna á vogue.is

LYSTADÚN SNÆLAND

Vogue FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Hækka verð í Herjólf

VESTMANNAEYJAR „Hækkanir á gjaldskrá eru neyðarúrræði," segir í niðurstöðu bæjarráðs Vestmannaeyja sem samþykkti að hækka fargjöld í Herjólf.

Undanfarna mánuði hafa staðið yfir samningaviðræður milli samninganefndar Herjólfs og Vegagerðarinnar um fjármál félagsins og samning um rekstur til næstu ára. Rekstur hefur gengið erfiðlega á þessu ári og ein meginforsenda samningaviðræðnanna var að tryggja fjárhagslegt hæfi félagsins, en jafnframt að veita góða þjónustu og tryggja ferðatíðni. Grípa þarf til fjölþættra aðgerða, meðal annars hækkunar verðs.

Bærinn hefur sent erindi til samgönguráðherra þar sem þess er farið á leit að ráðherra beiti sér fyrir nauðsynlegu fjármagni úr ríkissjóði til þess að halda uppi reglulegum flugsamgöngum milli lands og Eyja þar til áætlunarflug á markaðslegum forsendum hefst. **– bb**

Veitur hvetja fólk til að hafa glugga lokaða, hafa útidyr ekki opnar lengur en þörf krefur, láta ekki renna í heitu pottana sína á pallinum og stilla ofna þannig þeir séu heitir að ofan en kaldir að neðan. MYNDIR/VEITUR

Sáu ekki fyrir aukna heitavatnsnotkun íbúa

Veitur gátu ekki séð fyrir að heitavatnsnotkun á hvern íbúa myndi aukast um ellefu prósent á árinu. Í venjulegu árferði er aukningin mun minni. Notendur eru beðnir um að spara heita vatnið í komandi kuldakasti.

HITAVEITA Útlit er fyrir að hitaveitan á höfuðborgarsvæðinu fari að þolmörkum á föstudag og fram yfir helgi vegna kuldakasts. Hafa Veitur virkjað viðbragðsáætlun vegna þess. Mikil aukning hefur orðið á notkun heita vatnsins á árinu, en Veitur segjast ekki hafa getað séð hana fyrir enda er aukningin heil ellefu prósent. Í venjulegu árferði er aukningin um eitt og stundum upp í fjögur prósent.

„Það eru nokkrir þættir sem geta orsakað þessi ellefu prósent en við erum ekki með nákvæma greiningu á því," segir Guðmundur Óli Gunnarsson, starfandi forstöðumaður hitaveitu Veitna. Hann segir mjög erfitt að greina nákvæmlega hvað veldur. Árið sé búið að vera nærri gráðu kaldara en árið í fyrra, fleiri notendur eru að tengjast með uppbyggingu og svo spilar öll heimaveran vegna COVID inn í. „Heitir pottar ruku út í sumar sem hefur einhver áhrif. Þegar allt þetta leggst saman býr það til þessa aukningu," segir Guðmundur.

> **Þessi uppbygging sem hefur orðið er ekki að útskýra þessi ellefu prósent. Þau eru fordæmalaus. Það eru aðrir þættir sem eru að valda þessari miklu aukningu á þessu ári.**

Guðmundur Óli Gunnarsson, starfandi forstöðumaður hitaveitu Veitna

Mikið hefur verið framkvæmt í hitaveitunni undanfarin ár til að mæta aukinni eftirspurn, meðal annars hefur svokölluð varmastöð í Hellisheiðarvirkjun, sem framleiðir heitt vatn fyrir höfuðborgarsvæðið, verið stækkuð. Þá hefur dælugeta kerfisins verið aukin og borholur á lághitasvæðum voru hvíldar í sumar til að auka aðgengilegan forða yfir veturinn.

Til að bregðast við kuldakastinu sem nú er í kortunum eru Veitur að hækka hitastig vatnsins sem notendur fá frá virkjunum og borholum á lághitasvæðum í Reykjavík og Mosfellsbæ.

Guðmundur segir að uppbyggingin í borginni komi Veitum lítið á óvart. Þau útskýri ekki þessi ellefu prósent enda komi það lítið á óvart að byggð séu hús. „Þessi uppbygging sem hefur orðið er ekki að útskýra þessi ellefu prósent. Þau eru fordæmalaus. Það eru aðrir þættir sem eru að valda þessari miklu aukningu á þessu ári."

Viðbragðsáætlun Veitna hvetur fólk til þess að fara sparlega með heita vatnið svo að borgarbúar hafi nægt vatn til húshitunar en um 90 prósent af hitaveituvatni eru notuð til húshitunar. Þá bendir fyrirtækið á að þeir köldu dagar sem borgarbúar hafi upplifað undanfarið hafi verið í hæglátu veðri. Nú sé hins vegar útlit fyrir töluverðan vind sem veldur mikilli kælingu ofan á það frost sem er í kortunum.

benediktboas@frettabladid.is

Næsthættulegasta eldstöðin undir ís

NÁTTÚRUVÁ Eldstöðin Katla er metin næsthættulegasta eldstöðin undir ís í heiminum, samkvæmt nýjum gagnagrunni jarðvísindamanna í Bandaríkjunum og Kanada. Notuð var stafræn tækni til að kortleggja áhrif eldstöðvanna út frá eldfjallagagnagrunni Smithsonian og gagnagrunni Randolph um jökla.

Eldfjallið Villarica í Síle er talin hættulegasta eldstöðin undir ís. Er Katla eina eldstöðin utan Ameríku á listanum, en hinar eru í Bandaríkjunum, Kólumbíu, Argentínu og Ekvador. Hættan er metin út frá hversu margir búa nálægt eldstöðvunum, gerð þeirra, krafti og magni íssins sem þekur þær.

Magn íssins er einmitt sérstaklega mikið á íslensku stöðvunum, svo sem Bárðarbungu og Grímsvötnum. „Sem betur fer eru þær þrjár eldstöðvar sem hafa mesta ísinn, allar á Íslandi, ekki með neina fasta búsetu í 30 kílómetra radíus," segir í skýrslunni með gagnagrunninum. Jökulhlaup geti þó valdið miklum skaða.

Síðasta staðfesta Kötlugos var árið 1918. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Í hinum nýja gagnagrunni, sem telur 245 eldstöðvar, kemur fram að 160 milljónir manns búi innan við 100 kílómetra frá eldstöðvum undir ís. Krafturinn þegar eldur og ís mætast sé gríðarlegur, öskulög þeki himininn, snjóflóð og skriður geti farið af stað sem og hlaup. Þessar eldstöðvar geti því verið mikil ógn við byggðir víða um heim. **– khg**

Allar verslanir opna kl. 9:00

KRÓNAN

Aðeins um helgina ...

Aðventu tilboð!

Fimmtudag til sunnudags!

Tilboðin gilda í öllum verslunum **3. - 6. des.**

-30%

Ali önd Penelope, 2,4 kg

1999 kr. stk.

fullt verð ~~2398~~ kr. stk.

-45%

Ungnauta rib eye

2699 kr. kg

fullt verð ~~4999~~ kr. kg

-20%

Sambands hangilæri úrbeinað

2499 kr. kg

fullt verð ~~3199~~ kr. kg

-40%

Coke dós kassi, 20 stk.

999 kr. pk.

fullt verð ~~1760~~ kr. pk.

-30%

Klementínur 2,3 kg kassi

599 kr. pk.

fullt verð ~~860~~ kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboðin gilda eingöngu 3.-6. desember 2020 eða á meðan birgðir endast.

Hamfarahlýnun eykur hættu á skógareldum í Ástralíu um þriðjung.

Næsthlýjasta ár sem mælst hefur

LOFTSLAGSMÁL Útlit er fyrir að 2020 verði næsthlýjasta ár síðan mælingar hófust í kringum árið 1850. Þetta kemur fram í bráðabirgðaskýrslu frá Alþjóðaveðurfræðistofnuninni sem birt var í gær.

Í skýrslunni kemur fram að meðalhitastig heimsins hafi verið í kringum 1,2 gráðum hærra en meðalhitastig áranna 1850-1900. Aðeins árið 2016 hefur verið hlýrra, en áratugurinn 2011-2020 er sá hlýjasti sem mælst hefur.

Styrkur gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti jarðar hefur aukist það sem af er ári þrátt fyrir spár um minni losun vegna lokunaraðgerða tengdum COVID-19.

Mannkynið er í stríði við náttúruna. Þetta er sjálfsvígshegðun.

Antonio Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna

Antonio Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hélt ræðu við Columbia-háskólann í New York þar sem hann sagði ástand jarðarinnar vera í molum," og „mannkynið er í stríði við náttúruna. Þetta er sjálfsvígshegðun."

Þá sagði Guterres að árleg dauðsföll vegna loft- og vatnsmengunar væru um níu milljónir manna. Hann hvatti leiðtoga heimsins til að beita sér fyrir því að ná markmiðum Parísarsáttmálans.

Staðfestar tölur frá stofnuninni verða birtar í mars á næsta ári. **– atv**

Í startholunum með að hefja bólusetningar í Bretlandi

Bretar hafa gefið grænt ljós á bóluefni við COVID-19 og munu fleiri lönd brátt veita sömu heimild. Búist er við því að Bandaríkin verði næst til að samþykkja, en Evrópusambandið áætlar að hefja bólusetningar í kringum áramót. Rússar og Kínverjar reyna að koma sínum efnum á markaði víða um heiminn.

COVID-19 Þriðjudagurinn 29. desember er sú dagsetning sem Evrópusambandið horfir á til að samþykkja COVID-19 bóluefni Pfizer og BioNTech og 12. janúar fyrir bóluefni Moderna. Bretar voru fyrstir þjóða til að samþykkja bóluefni á þriðjudag og búist er við því að Bandaríkjamenn fylgi í kjölfarið. Þess er vænst að fyrstu bólusetningarnar í Bretlandi hefjist um miðjan mánuðinn. Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna hefur boðað til fundar 10. desember um heimild til að nota bóluefnið.

„Miðað við þær upplýsingar sem við höfum getum við ekki búist við öðru en að samþykki liggi fyrir í kringum áramót," sagði Jens Spahn, heilbrigðisráðherra Þýskalands, við fréttastofuna AP. Þjóðverjar, líkt og margar aðrar Evrópuþjóðir, höfðu vonast til að geta hafið bólusetningar fyrir jól. COVID-19 tilfelli eru nú komin yfir eina milljón í landinu og ríkisstjórn Angelu Merkel hefur styrkt hið þýska BioNTech um tæplega 60 milljarða króna.

Á blaðamannafundi á þriðjudag kynnti Emmanuel Macron Frakklandsforseti bólusetningaráform landsins. Byrjað verður að bólusetja 650 þúsund manns á dvalarheimilum landsins, síðan fólk yfir 65 ára, síðan yfir 50 ára og yngra fólk í áhættuhópum, síðan þá sem hafa orðið útsettir fyrir smiti og loks 18 ára og eldri. Sagði hann bólusetningu ekki verða skyldu í landinu. Síðasti fasinn mun þó ekki hefjast fyrr en í apríl, maí eða júní.

Rússar og Kínverjar vinna nú hörðum höndum að því að koma sínum bóluefnum á markað um heim allan. Vestrænar þjóðir hafa haft efasemdir um hið rússneska Sputnik efni og segja það ekki uppfylla nauðsynlega staðla. Kínverjar eru þegar komnir í startholurnar fyrir dreifingu á sínum efnum til ýmissa landa Asíu, Afríku og Suður- Ameríku þó þeir hafi sjálfir ekki heimilað dreifingu til almennings heima fyrir.

Þó að mikill skriður sé kominn á málefni bólusetninga og eðlilegra lífi í augsýn, er ljóst að sóttvarnaaðgerðir og takmarkanir munu halda áfram á næsta ári. Mun það taka nokkur ár að bólusetja milljarða fólks um heim allan.

Í Bretlandi, þar sem ferlið er lengst á veg komið, var útgöngubanni aflétt í gær en afar strangar samkomutakmarkanir verða áfram í gangi, mismiklar eftir svæðum út frá tilfellatíðni. 53 þingmenn Íhaldsflokksins kusu gegn tillögunum í þinginu á þriðjudagskvöld og 16 sátu hjá, þrátt fyrir mikinn þrýsting Borisar Johnson og flokksforystunnar. Þurfti Johnson að reiða sig á hjásetu stjórnarandstöðunnar til þess að koma breytingunum í gegn.

Er þetta mesta andstaða sem Johnson hefur mætt innan eigin raða eftir þingkosningarnar síðasta haust. Töldu uppreisnarmennirnir tillögurnar of víðtækar og að þær settu of miklar kvaðir á fólk og fyrirtæki. Í þinginu sagði Johnson Breta þurfa að þrauka í nokkra mánuði til viðbótar áður en bólusetningar hæfust í stórum stíl.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Johnson sagði Breta þurfa að þrauka nokkra mánuði í viðbót en mætti andspyrnu úr eigin flokki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Miðað við þær upplýsingar sem við höfum getum við ekki búist við öðru en að samþykki liggi fyrir í kringum áramót.

Jens Spahn, heilbrigðisráðherra Þýskalands

Þess er vænst að fyrstu bólusetningar í Bretlandi hefjist um miðjan desember.

Gildi – lífeyrissjóður

Rafrænn sjóðfélaga- og fulltrúaráðsfundur

3. desember klukkan 16:00

Dagskrá:

- Staða og starfsemi Gildis á COVID-19 ári
- Fjárfestingar Gildis
- Önnur mál

Hægt verður að horfa á fyrirlestra á netinu og senda fyrirspurnir á frummælendur. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag fundarins, þar á meðal tengil á streymi, má finna á heimasíðu sjóðsins, ***www.gildi.is.***

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs

GILDI

Lífeyrissjóður www.gildi.is

Yair Lapid, leiðtogi stjórnarandstöðunnar.

Stefnir í þingkosningar

ÍSRAEL Knesset, þing Ísraels, samþykkti í gær frumvarp um að slíta þingi. 61 þingmaður greiddi atkvæði með frumvarpinu en 54 gegn því.

Löggjöfin verður sett í nefnd áður en þingmenn kjósa um endanlega niðurstöðu. Verði lokadrög frumvarpsins samþykkt verður boðað til kosninga snemma á næsta ári.

Yair Lapid, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, lagði fram frumvarpið, en meðal þeirra sem studdu það voru Benny Gantz varnarmálaráðherra og flokksmenn hans í Bláhvítum.

Gantz og Bláhvítir mynduðu ríkisstjórn með Benjamin Netanyahu forsætisráðherra fyrr á árinu. Stjórnarmyndun gekk treglega en eftir margra mánaða viðræður samþykktu flokkarnir að vinna saman, meðal annars undir því yfirskyni að leggja hendur á plóg gegn kórónaveirufaraldrinum.

Með stuðningi Bláhvítra við frumvarpið eru líkur á að brösuglegu ríkisstjórnarsamstarfinu ljúki brátt.

Netanyahu situr enn fyrir rétti vegna fjölda ákæra um spillingu og hefur Gantz sakað forsætisráðherrann um að hafa hindrað myndun þjóðhagsáætlunar í von um að hnekkja á málaferlum gegn sér. **– atv**

JÓLAKRÆSINGAR OG GÓÐ TILBOÐ

FRIÐRIK V

-20%

Hátíðarlambalæri
Ostafyllt
3.039 KR/KG
ÁÐUR: 3.799 KR/KG

Nauta hátíðarribeye
Með rósmarín
4.799 KR/KG
ÁÐUR: 5.999 KR/KG

KJÖTSEL

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

-30%

Lambahryggur
Léttreyktur
2.589 KR/KG
ÁÐUR: 3.699 KR/KG

-20%

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

KJÖTSEL

Hangiframpartur
Úrbeinaður
1.999 KR/KG
ÁÐUR: 2.499 KR/KG

-40%

Wellington
Ungnautalund
5.399 KR/KG
ÁÐUR: 8.999 KR/KG

-25%

Kasjúhnetur
200 gr
615 KR/PK
ÁÐUR: 820 KR/PK

-25%

Ánglamark Perur
500 gr – lífrænar
472 KR/PK
ÁÐUR: 629 KR/PK

Bláber
125 gr
-50%
249 KR/PK
ÁÐUR: 498 KR/PK

JÓLABLAÐ NETTÓ ER KOMIÐ ÚT!

Nálgast má rafræna útgáfu á netto.is

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 3.–6. desember

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Það vinna 15 til 20 manns í fullu starfi hjá EFLU fyrir Statnett.

Samstarf EFLU og Statnett framlengt

Samstarf Verkfræðistofunnar EFLU og Statnett var nýlega framlengt til næstu átta ára við undirritun rammasamnings þess efnis, en íslenska verkfræðistofan hefur unnið sem aðalráðgjafi Statnett við hönnun háspennulína í meira en áratug. „Við erum búnir að vinna fyrir Statnett síðan 1994 og erum búnir að vera í samfelldum verkefnum fyrir þá frá árinu 2006. Reynsla okkar af hönnun háspennulína á Íslandi frá 1978 hefur gert það að verkum að EFLA hefur verið einn helsti ráðgjafi Statnett í þessum efnum frá árinu 2009," segir Steinþór Gíslason, sviðsstjóri orkusviðs EFLU. Að sögn Steinþórs eru 15 til 20 manns að jafnaði í fullu starfi vegna samninganna við Statnett, bæði á Íslandi og í Noregi. „Um er að ræða tugi verkefna vítt og breitt um Noreg," segir hann og bætir við að stærðargráða samningsins verði á bilinu 500 milljónir til tveir milljarðar.

Samningur EFLU og Statnett er til tveggja til átta ára. Steinþór segir að hingað til hafi allir rammasamningar fyrirtækjanna tveggja verið fullnýttir: „Þannig að við eigum frekar von á því að þetta verði átta ára langur samningur."

Ásamt undirritun rammasamningsins við Statnett hefur EFLA einnig komist að samkomulagi við raforkuflutningsfyrirtækið Svenska kraftnät um hönnun næstu kynslóðar háspennumastra. „Við erum líka einn helsti ráðgjafi Svenska kraftnät í rammasamningum," segir Steinþór, en um er að ræða nýja hönnun á tvírása háspennumöstrum. Um er að ræða nýja tegund mastra sem eru hluti af stóru uppbyggingarátaki á raforkuflutningskerfi Svíþjóðar. EFLA hefur starfað í yfir 20 löndum á þessu sviði. Þar á meðal fyrir Landsnet á Íslandi, Fingrid í Finnlandi og Energinet í Danmörku. – thg

Meirihluti kaupir gjafir á netinu

Konur eru líklegri en karlar til að kaupa jólagjafir á netinu. Svipað hlutfall hyggst kaupa af erlendum netverslunum og árið 2017 eða 30 prósent. 26 prósent fyrirtækja á Íslandi eru með netverslun.

Fimmtíu og átta prósentum Íslendinga þykir líklegt að þau muni kaupa jólagjafir á netinu í ár. Hlutfallið var 22 prósent árið 2017 og 15 prósent árið 2015. Þetta kemur fram í könnun Zenter rannsókna sem framkvæmd var dagana 6. til 10. nóvember. Úrtakið var 2.100 manns og svarhlutfallið 52 prósent.

„Það hefur orðið gríðarleg aukning í netverslun," segir Guðmundur Tómas Axelsson, framkvæmdastjóri WebMo Design sem meðal annars kemur að þróun netverslana. „COVID-19 gerði það að verkum að margir urðu að tileinka sér það að versla á netinu en þróun í þessa átt var hafin fyrir heimsfaraldurinn. Þegar COVID-19 verður á bak og burt mun ef til vill draga aðeins úr netverslun en fjöldi manns hefur nú vanið sig á að kaupa vikulega á netinu og mun halda því áfram."

Hann bendir á að samkvæmt könnuninni séu konur mun líklegri til að kaupa jólagjafir á netinu en karlar. Hlutfallið sé 71 prósent hjá konum en 45 prósent hjá körlum. Þeir sem eru á aldrinum 25 til 44 ára séu líklegri til að kaupa jólagjafirnar á netinu en þeir sem eldri eru.

Könnunin leiðir í ljós að 75-77 prósent fólks á aldrinum 25-44 ára þykir líklegt að þau kaupi jólagjafir á netinu, hlutfallið lækkar í 62 prósent hjá aldurshópnum 45-54, fer í 39 prósent hjá þeim sem eru á aldrinum 55-64 ára og er 28 prósent hjá 65 ára og eldri.

Svipað hlutfall hyggst kaupa jólagjafir á netinu í erlendum netverslunum, samkvæmt könnun Zenter rannsókna, á árunum 2017 og 2020, eða um 30 prósent. „Það er áhugavert að Íslendingar horfa nú einkum til íslenskra netverslana. Það má rekja til heimsfaraldursins. Hann hefur gert það að verkum að kaupendur geta ekki verið vissir um að pakkinn skili sér til Íslands í tæka tíð fyrir jólin. Eins hafa ýmsar erlendar netverslanir takmarkað þann fjölda landa sem þær senda til í þessu árferði," segir Guðmundur Tómas.

Samkvæmt annarri könnun á vegum Zenter rannsókna reka 26 prósent fyrirtækja landsins netverslanir. Eftir því sem fyrirtæki eru stærri eru meiri líkur á að þau séu með netverslun. „Mér þykir áhugavert hvað hlutfallið í heildina er lágt í ljósi þess hve mikið neytendur horfa til þess að versla á netinu. Eins horfa einungis tólf prósent fyrirtækja til þess að opna netverslun á næstu tólf mánuðum. Í ljósi samkomutakmarkana vegna COVID-19 hafði ég reiknað með að fleiri stefndu að því að setja á fót vefverslun. Enn fremur eru mikil tækifæri fyrir þjónustufyrirtæki, eins og til dæmis verkstæði, að vera með bókunarkerfi á vefnum. Það myndi skapa verulegt hagræði í rekstri því annars fer mikill tími starfsmanna í að svara í símann og skipuleggja tímabókanir," segir hann.

Guðmundi þykir áhugavert að hlutfall fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni sem reka netverslun sé svipað. „Ég hefði talið að það væru mikil tækifæri fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni að stækka markaðssvæði sitt með netverslun og vera í stakk búin að selja um land allt," segir hann.

Seinni könnunin sem rætt er um í fréttinni var framkvæmd dagana 9. október til 5. nóvember. Fjöldi fyrirtækja í úrtakinu var 1.300 og svarhlutfallið 52 prósent.

helgivifill@frettabladid.is



Kórónaveirufaraldurinn hefur leitt til þess að fólk verslar meira á netinu en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hversu líklegt er að þú kaupir jólagjafir í ár í netverslun?

Heimild: Zenter



Hversu líklegt er að þú kaupir jólagjafir í ár í erlendum netverslunum?

Heimild: Zenter



Guðmundur Tómas Axelsson, framkvæmdastjóri WebMo Design

FRÁBÆRT ÚRVAL
AF GÆÐA STURTUKLEFUM

ÁRMÚLI 31 | 588 73 32 | I-T.IS
VIRKA DAGA 9-18 | LAUGARDAGA 11-14

INNRÉTTINGAR & TÆKI

Gengið á fjallaskíðum upp norðurhlíðar Prestshnjúks úr Skútudal. MYNDIR/ÓMB

Skíðað niður Sérann

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Það eru ekki margir kaupstaðir á Íslandi sem geta státað af jafn stórbrotnum fjallahring út um eldhúsgluggann og Siglufjörður, nyrst á Tröllaskaga. Fjallstopparnir eru óteljandi og hver öðrum hrikalegri, ekki síst þegar snjór þekur snarbrattar hlíðarnar langt fram á sumar. Beint inn af firðinum er Hólshyrna (753 m) mest áberandi, fjall sem Siglfirðingum er sérlega kært. Skammt frá eru fjöll með skemmtileg örnefni eins og Illviðrishnjúkur, Fýluskálahnjúkur, Dís og Móskógahnjúkur. Innar í þessum fjallaklasa leynist látlausara fjall, Prestshnjúkur, sem er 767 m hár. Segja munnmæli að nafngiftina megi rekja til þess að fyrir löngu síðan hafi prestur nokkur frá Ólafsfirði orðið þar úti.

Þótt Prestshnjúkur sé ekki hæsti tindurinn á svæðinu þá er af honum gríðarlegt útsýni. Auk þess er tiltölulega auðvelt að komast upp á hátind hans, annað hvort gangandi eða á fjallaskíðum. Einföldust er leiðin eftir Skútudal en annar valkostur er að ganga upp úr Hólsdal, en eftir honum rennur Fjarðará. Í Skútudal má leggja bílum við gangamunna Héðinsfjarðarganga og er haldið suður dalinn, austan megin Skútuár.

Fljótlega blasa við mannvirki hitaveitu Siglfirðinga en aðeins ofar taka við fallegir fossar og árgljúfur. Gengið er neðarlega í fjallshlíð Fýluskálahnjúks og stefnan tekin á píramídalaga Móskógahnjúk. Áður en komið er að honum er sveigt til hægri og blasa þá við hlíðar Prestshnjúks. Þarna eykst brattinn en þegar nálgast Hólsskarð er sveigt í austur að hátindi Prestshnjúks. Af ávölum tindinum er gríðarlegt útsýni, meðal annars ofan í Héðinsfjörð en einnig áleiðis að Fljótum. Athyglinni stela þó hrikalegir fjallgarðar sitt hvorum megin Siglufjarðar og sést vel hversu fallegt bæjarstæði Siglufjarðarkaupstaðar er.

Af tindi Prestshnjúks er hægt að skíða niður brattar brekkur ofan í Fljót um Uxaskarð eða Héðinsfjörð, en þessar leiðir eru aðeins fyrir vant fjallaskíðafólk. Einnig má þræða snjóhryggi sem liggja frá Prestshnjúk að Móskógahnjúki en þaðan má halda áfram út á Dísina eða skíða beint niður í Héðinsfjörð. Allt eru þetta stórkostlegar fjallaskíðabrekkur sem gefa þeim í Ölpunum og N-Ameríku lítið eftir. Flestir velja þó einfaldari leiðir niður af Prestshnjúki, til dæmis vel brattar brekkur beint niður í Skútudal eða Hólsdal. Gæta verður sín á snjóflóðum en í svona fjallaskíðaferðum verða allir að vera búnir ýli, snjóflóðastöng og skóflu - og þannig forða því að mæta örlögum prestsins forðum.

Fókus á hjarta landsins

Skíðað í lausamjöll niður Prestshnjúk.

Af tindi Prestshnjúks er gríðarlegt útsýni. Almenningshnakki (915 m), hæsta fjall í fjallahring Siglufjarðar í baksýn.

JÓLALESTUR Í MIKLU ÚRVALI!

Spænska veikin
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.999.-



Aldrei nema kona
TILBOÐSVERÐ: 4.799.-
Verð áður: 6.299.-

Herbergi í öðrum heimi
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.999.-



Gljúfrabúar og giljadísir
TILBOÐSVERÐ: 5.599.-
Verð áður: 7.499.-

Brennan á Flugumýri
TILBOÐSVERÐ: 2.599.-
Verð áður: 3.399.-



Undir Yggdrasil
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.999.-



Vetrarmein
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.999.-

Íslensku fuglarnir og þjóðtrúin
TILBOÐSVERÐ: 9.999.-
Verð áður: 13.999.-



Kindasögur - 2. bindi
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 4.499.-

Á morgun, þegar stríðið hófst
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.899.-

Yfir bænum heima
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.999.-



Fyrir augliti - Dagatal
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 7. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Ekki í sóttkví

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Vissulega mættu tímarnir vera aðeins skemmtilegri. Engin ástæða er þó til að láta hugfallast. Það má gleyma sér í mörgu, eins og því að lesa góðar bækur eða hlusta á eftirlætistónlistina heima hjá sér. Erfitt er að láta sér líða illa við þannig aðstæður, maður er kominn í sinn einkaheim, sem er yfirleitt alltaf jafn notalegur. Allavega töluvert notalegri en hversdagsleikinn þarna úti, sem byggist á alls kyns höftum og bönnum, sem draga auðveldlega þrótt úr fólki.

Seint verður sagt að stjórnmálamennirnir hafi verið iðnir við að telja kjark í þjóðina og blása henni bjartsýni í brjóst á COVID-tímum. Þetta er nokkuð skrýtið því þegar á móti blæs eiga stjórnmálamenn að sýna hvað í þeim býr og vera góðir leiðtogar. En kannski eru stjórnmálamennirnir smeykir við að tala máli bjartsýninnar eða gefa í skyn að lífið geti verið, þrátt fyrir allt, bara nokkuð skemmtilegt. Það færi örugglega öfugt ofan í hina fjölmörgu nöldrara þessa lands, sem virðast hafa fátt við að iðja annað en að þefa uppi allt það sem þeir geta látið fara innilega í taugarnar á sér – og þar er svo sannarlega af nógu að taka. Viðkomandi ráðherra sem slægi á létta strengi eða boðaði bjartsýni yrði sennilega sakaður um að tala af ábyrgðarleysi og léttúð og hafa engan skilning á því að mörgum líði afar illa „á fordæmalausum tímum," eins og það heitir víst.

Vinir okkar Írar virðast eiga áberandi skemmtilega ráðherra, allavega er utanríkisráðherrann Simon Coveney maður sem leyfir ímyndunaraflinu að taka af sér völdin, einmitt nokkuð sem við ættum öll að láta eftir okkur með reglulegu millibili. Hann gekk jólaandanum á vald og vann að því vikum saman að tryggja að jólasveinninn, sem við vitum öll að er á stöðugu flakki milli landa í desember, fengi sérstaka undanþágu og þyrfti ekki að fara í sóttkví við komuna til Írlands. „Hann fær að ferðast að vild um írska lofthelgi, og sömuleiðis um írsk heimili," sagði Simon í írska þinginu, en beindi því um leið til barna að vaka ekki eftir jólasveininum og ítrekaði að halda yrði tveggja metra fjarlægðarmörk frá honum. Írska ríkisstjórnin hefur þegar staðfest tilskipun um ferðafrelsi jólasveinsins. Að sögn fjölmiðla er jólasveinninn, sem þegar hefur boðað komu sína til Írlands, hæstánægður með þessa ákvörðun. Það eru írsk börn vafalítið einnig. Þau, eins og börn víða um heim, hafa þurft að ala með sér áhyggjur vegna heimsfaraldurs. Stundum er of mikið lagt á börn, sem er ósanngjarnt því þau eiga alltaf skilið það besta.

Þessi frétt um samkomulag írsku ríkisstjórnarinnar við jólasveininn er dæmi um það hvernig ganga má í lið með bjartsýninni og gera gott úr vondri stöðu. Það er líka notalegt að verða vitni að því að stjórnmálamenn sýni verulegt hugmyndaríki, eins og hinn írski Simon gerði þarna.

Írska ríkisstjórnin er ríkisstjórn sem er í lagi og reyndar meira en það, því hún er alveg til fyrirmyndar. Stuðningur hennar við jólasveininn er næg sönnun þess.

Það er líka notalegt að verða vitni að því að stjórnmálamenn sýni verulegt hugmyndaríki.

Halldór

Frá degi til dags

Lengi skal manninn reyna

Það blása vindar frjálsræðis á Bessastöðum. Tónlistarflutningur í tengslum við ávörp forsetans eru til vitnis um það. Í fyrrakvöld ávarpaði óánhnepptur forsetinn þjóð sína og í kjölfarið var flutt lag af hljómplötu Memphismafíunnar með Megasi og Ágústu Evu. Mörgum brá því í einni hendingu kvæðis Þorvaldar Þorsteinssonar segir: Þó besefinn virðist þér brunnið gjall, sem brotnar neglirðu hreina. Þá manstu að lífið er lykkjufall. Lengi skal manninn, lengi skal manninn reyna. Flutningi lagsins eftir ávarpið lauk áður en að þessari hendingu kom.

Heitt og kalt

Það er vesen hjá Veitum, fyrirtækinu sem pumpar vatni um allt. Fyrirtækið er búið að ræsa viðbúnaðaráætlun því það getur verið að heita vatnið klárist. Mælst er til að fólk taki jólabaðið sem fyrst fyrir helgina því þá er það frá. Jafnframt að þeir sem búa svo vel að hafa baðkar láti ekki renna úr því eftir baðið og endurnýti baðvatnið nokkrum sinnum til dæmis til þvotta og uppvasks. Það ætti ekki að vera vandasamara að endurnýta vatnið en fyrir Ríkissjónvarpið að endurnýta þrautleiðinlega norska jóladagatalið sem hefur verið sýnt árlega frá því sjónvarpið var fundið upp.

Sundabraut í einkaframkvæmd

Bryndís Haraldsdóttir
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Sundabraut á að fara í einkaframkvæmd. Þetta er inntak skýrslubeiðni sem ég lagði nýlega fram ásamt fjórum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Þar felum við samgönguráðherra að bjóða út hönnun, fjármögnun, framkvæmd og rekstur Sundabrautar til einkaaðila. Sundabrautin er einn dýrasti einstaki raunhæfi framkvæmdamöguleiki sem er til skoðunar í íslensku vegakerfi og því ljóst að ef hana á að fjármagna með sama hætti og nýframkvæmdir hafa verið fjármagnaðar á undanförnum árum þurfi að stórauka framlög til nýframkvæmda umfram það sem við höfum þegar gert, eða að draga þurfi úr nýframkvæmdum annars staðar á móti. Hvorug þessara leiða er raunhæf eða æskileg.

Alla mína ævi hefur verið rifist um Sundabraut. Hugmyndin kemur fyrst fram í tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur 1975 og hefur síðan verið skipaður fjöldinn allur af nefndum og skýrslufjöldinn eftir því. Á sama tíma verður umferðin um Ártúnsbrekku þyngri, og er álagið þar orðið óásættanlegt á álagstímum.

Sundabraut bætir tengingu Grafarvogshverfis við gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins, styttir vegalengd milli Kjalarness og miðborgar og bætir umferðaraðgengi frá Vestur- og Norðurlandi að borginni. Þá léttir Sundabraut á umferð um Vesturlandsveg í gegnum Mosfellsbæ og stuðlar að greiðari og öruggari umferð fólks og vöruflutningum allt frá flugvellinum í Keflavík, um Reykjanesbraut, höfuðborgarsvæðið og Sundabraut áfram til Vestur- og Norðurlands.

Nú er kominn tími á aðgerðir og sú leið sem við þingmenn Sjálfstæðisflokksins leggjum til í málinu er til þess fallin að koma hreyfingu á hlutina. Eðlilega horfi ég til lífeyrissjóða landsins um fjármögnun framkvæmdarinnar, en leiða má að því líkur að aðrir fjárfestar sýndu verkefninu áhuga.

Með nýjum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins er tryggð uppbygging mikilvægra samgöngumannvirkja. Það er mikilvægt mál, en við þurfum meira til og þess vegna er skynsamlegt að bjóða út Sundabraut.

Alla mína ævi hefur verið rifist um Sundabraut.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Björn Víglundsson RITSTJÓRI: Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

AF KÖGUNARHÓLI

Pólitík og dómstólar

Þorsteinn Pálsson

Mikilvægustu atriðin í dómi Yfirnefndar Mannréttindadómstólsins í Landsréttarmálinu eru tvö:

Annars vegar er sú meginniðurstaða Hæstaréttar staðfest með afdráttarlausum rökum að þáverandi dómsmálaráðherra braut íslensk lög við skipan dómaranna.

Hins vegar virðast áhrif dómsins ekki leiða til ógildingar þeirra mála, sem dómararnir umdeildu áttu aðild að. Þetta kemur í veg fyrir réttaróvissu, sem ella blasti við.

Framvirk áhrif

Yfirnefndin hefur greinilega lagt meira upp úr því að senda skýr skilaboð um framtíðina en að valda glundroða í réttarkerfinu. Það er í samræmi við mat Hæstaréttar.

Dómurinn kallar ekki á lagabreytingar. Áhrif hans liggja fremur í því að hér eftir verður túlkun gildandi lagareglna strangari. Sú ábyrgð hvílir bæði á veitingavaldshöfum og dómstólum.

Þetta eru líka skýr skilaboð til annarra landa. Hugsanlega eru það ríkustu áhrifin.

Túlkun lagatexta

Fyrrverandi dómsmálaráðherra telur Mannréttindadómstólinn vera í pólitísku ati gegn sér og Íslandi. Hún telur að dómstóllinn stundi skapandi lögfræði og fari út fyrir það sem menn höfðu í huga þegar texti mannréttindasáttmálans var undirritaður.

Þetta er þekkt álitaefni við túlkun lagatexta. Óumdeilt er að túlkun Mannréttindadómstólsins á texta sáttmálans hefur þróast eins og það alþjóðasamfélag, sem hann nær til. Sumir halda því fram að hann hafi gengið lengra og búið til nýjar réttarreglur. Ekki verður séð að það eigi við í þessu máli.

Lýðræðisleg öfugþróun í Evrópu

Hér þarf líka að hafa í huga að í Evrópu eftir stríð ríkti mikil eining um hvernig tryggja ætti lýðræðislegt réttarkerfi í álfunni. Með uppgangi popúlista er þessi eining ekki til staðar lengur.

Pólland og Ungverjaland liggja nú í hjarta Evrópu. Þar eru valdhafar aðildarríkja sáttmálans að grafa undan sjálfstæði dómstóla og ýmsum öðrum grunnstoðum lýðræðisins. Það eru með öðrum orðum pólitísk átök um hugmyndafræði, sem til skamms tíma hefur verið óumdeild.

Þessi þróun kallar óhjákvæmilega á skýrari kröfur um sjálfstæði dómstóla. Það er þáttur í varðstöðunni um þær hugsjónir sem lágu til grundvallar mannréttindasáttmálanum á sínum tíma.

Íslensk umræða

Enginn íslenskur stjórnmálaflokkur hefur beint varið öfugþróunina í þessum efnum í Póllandi og Ungverjalandi. Það er því auðvelt fyrir Ísland að fylgja ítrustu kröfum um mannréttindi í því alþjóðasamfélagi, sem við tilheyrum.

En hér hefur eigi að síður farið fram umræða, sem endurspeglar að ákveðnu marki breytt viðhorf í þessum efnum í álfunni. Í Sjálfstæðisflokki og Miðflokki, rétt eins og til dæmis í hægri armi breska Íhaldsflokksins, er talað um að aðild að mannréttindasáttmála Evrópu skerði fullveldið. Þau sjónarmið heyrast einnig að rétt sé að aflétta ýmsum gildandi takmörkunum á valdi ráðherra, þar á meðal við skipan dómara.

Tveir ráðherrar dómsmála þurftu, með aðeins fimm ára millibili, að segja af sér af því að þeir virtu ekki valdmörk. Í fyrra tilvikinu var það þó trúlega fremur fyrir óafsakanleg mistök en pólitískan ásetning.

Upplýsingum haldið leyndum

Ráðherrar geta tapað dómsmálum án þess að það þurfi að vera til marks um ámælisverða háttsemi. Í hverju tilviki þarf að skoða hvort þeir hafi vísvitandi eða fyrir stórfellt gáleysi brotið gegn lögum.

Óumdeilt er að ráðherra hafði rétt til að víkja frá áliti dómnefndar. Ákvörðun Sigríðar Andersen fullnægði hins vegar ekki lagaskilyrðum um nægjanlegan rökstuðning. Þegar dómur Hæstaréttar féll kom í ljós að hún hafði fengið aðvörun um það efni frá embættismönnum. Brotalömin var að hafa þau ráð að engu.

Pólitískur trúnaðarbrestur Sigríðar Andersen fólst í því grófa broti á starfsskyldum að halda upplýsingum um athugasemdir embættismanna leyndum fyrir þáverandi ríkisstjórn áður en tillaga hennar var send til Alþingis og að halda þeim síðan leyndum fyrir Alþingi.

Þessi trúnaðarbrestur gagnvart ríkisstjórn og Alþingi kallaði á afsögn. Að réttu lagi hefði forsætisráðherra átt að knýja afsögnina fram strax og hann kom í ljós með dómi Hæstaréttar.

Hver er staða mygluveiku barnanna í Fossvogsskóla?

Sigríður Ólafsdóttir
hjúkrunarfræðingur og móðir barns í Fossvogsskóla

Hvernig eigum við að treysta því, eftir allt sem á undan er gengið, að þær framkvæmdir sem ráðist er í nú séu fullnægjandi og umfram allt annað, gerðar með hagsmuni og heilsu barna í Fossvogsskóla í fyrirrúmi?

Ég er móðir barns í þriðja bekk í Fossvogsskóla. Barnið mitt hefur alla sína skólagöngu veikst í skólahúsnæðinu vegna myglu og rakaskemmda þar. Eftir mikla baráttu foreldra og Skólaráðs Fossvogsskóla hefur í tvígang verið farið í viðgerðir á Fossvogsskóla sem hafa þó ekki tekist betur til en svo að fjöldi barna er enn að veikjast í skólanum.

Fyrir ári síðan hófum við hjónin að skrifa bréf til Skóla- og frístundaráðs og Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur til að benda þeim á að barnið okkar væri enn að veikjast í Fossvogsskóla. Það er vægt til orða tekið að segja að okkur hafi mætt tómlæti. Í heilt ár höfum við sjaldnast fengið svar við umleitunum okkar.

Hver er staða sonar míns?

Sonur minn er í lögbundnu námi og samkvæmt yfirlýsingu frá borginni leggur Reykjavíkurborg áherslu á að allt skóla- og frístundastarf í borginni fari fram í heilnæmu húsnæði og að andleg og líkamleg velíðan barna, ungmenna og starfsfólks sé ávallt í fyrirrúmi. Mín reynsla er því miður sú að þetta séu orðin tóm.

Drengurinn minn fær margs konar einkenni í skólanum sem mygla og rakaskemmt efni eru þekkt fyrir að valda. Hann hefur fengið öndunarfærasýkingar, höfuðverk, heilaþoku og sýnir einbeitingarskort. Hann á erfitt með að sitja kyrr og læra, fær exem á andlit og líkama. Hann fær meltingarfæraeinkenni, er oft pirraður og líður illa. Á hverjum degi þarf hann að mæta í húsnæði sem gerir hann veikan. Það skal tekið fram að hann hefur farið inn í fjölda annarra húsa um ævina og hvergi sýnir hann einkenni neitt í líkingu við það sem hann sýnir eftir dvöl í skólanum. Einkenni hans minnka um helgar og hverfa í lengri fríum frá skólanum.

Ekki sér fyrir endann á þessu máli þar sem úrræði borgarinnar virðast engin vera. Enn mætir okkur algjört tómlæti og hunsun. Skortur á vilja til að bæta ástandið virðist algjör hjá starfsmönnum borgarinnar. Umhyggja fyrir heilsu sonar míns og framtíð virðist af mjög skornum skammti.

Hver eru úrræðin?

Í yfirlýsingu sem send var á foreldra barna í Fossvogsskóla og dagsett var þann 01. 10. 2020 kom fram að athugun Náttúrufræðistofnunar á fjórum snertisýnum úr skólanum, sem tekin voru síðastliðið haust, sýndi að eftir ræktun var þar meðal annars enn að finna tvær tegundir myglusveppa sem teljast varasamar innanhúss. Í ljósi álits Náttúrufræðistofnunar var ákveðið að fyrstu viðbrögð yrðu þau að skólahúsnæðið yrði þrifið vandlega og aftur tekin sýni að mánuði liðnum sem send yrðu til tegundagreiningar hjá Náttúrufræðistofnun. Vakni grunur um raka eða leka í skólanum eða að enn séu skemmdir í byggingarefni verði brugðist við því með viðeigandi hætti. Á meðan á þessum aðgerðum stæði var lofað að gerðar yrðu ráðstafanir til að bæta líðan þeirra barna, sem sérstakar áhyggjur eru af, í samstarfi við foreldra þeirra. Við bíðum enn eftir þessum úrræðum nú tæpum tveimur mánuðum síðar. Á meðan er sonur minn veikur í skólanum og heilsa hans versnar dag frá degi. Hver er réttur hans? Hvar er samráðið við foreldra veiku barnanna í Fossvogsskóla? Hvernig eigum við að treysta því, eftir allt sem á undan er gengið, að þær framkvæmdir sem ráðist er í nú séu fullnægjandi og umfram allt annað, gerðar með hagsmuni og heilsu barna í Fossvogsskóla í fyrirrúmi?

Ég skora á starfsmenn Skóla- og frístundaráðs og Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur, ásamt kjörnum fulltrúum allra stjórnmálaflokka í Reykjavík, að láta sig málið varða. Að staðið sé við gefin loforð um úrræði fyrir börnin sem veikjast í húsnæðinu. Að sýnt sé í verki og án tafa að raunverulega sé vilji til að rannsaka og laga Fossvogsskóla að fullu og á þann hátt að við foreldrar getum raunverulega treyst þeim aðgerðum. Þá fyrst geta börnin í Fossvogsskóla farið að byggja upp heilsu sína á nýjan leik. Það mega engan tíma missa.

Sturlunga geðlæknisins!

Guðni Ágústsson
fyrrverandi ráðherra

Óttar Guðmundsson geðlæknir er þjóðþekktur penni og hefur Fréttablaðið notið krafta hans í einlægum og skemmtilegum pistlum. Og oft segir maður að lestri loknum: „Þetta verður ekki betur gert." Sturlungaöldin er Óttari hugleikin, þá geisaði borgarastyrjöld á Íslandi en menningin reis hærra en á nokkurri öld annarri. Hér voru gefnar út þrjú hundruð bækur, ein í Danmörku en engin í Noregi. Öldin rís svo hátt að bækur og bókmenntaafrek Snorra Sturlusonar gnæfa enn yfir önnur ritverk Íslendinga. Snorri var einnig umdeildur stjórnmálamaður og ættingjar hans bárust á banaspjótum.

Sturlunga geðlæknisins er að mínu mati besta bók Óttars af mörgum líflegum. Óttar skoðar röstusamt líf Sturlunga og hetjurnar leggjast á bekkinn hjá geðlæknum. Bókin er skrifuð í stuttum köflum og vel skilgreindum, svo að lesandinn er mitt á meðal stærstu atburða sögunnar. Margt hefur auðvitað breyst en mannsandinn er samur við sig. Menn glíma við sjálfa sig nú eins og þá. Óttar fléttar inn í söguna mögnuðum skýringum frá gríska goðafræði yfir til Biblíunnar og að hversdagslífi okkar mannanna. Öðru hvoru kemur hugleiðing geðlæknisins sem varpar nýju ljósi á manngerðina eða aðstæðurnar. Óttar minnir okkur á að líklega býr fól í hverjum manni. Sturlungaöldin er breysk, full af hatri, hroka og illsku. Kirkjan og valdamenn takast á, ættingjar berast á banaspjótum og í blóði aldarinnar hrærir Hákon gamli Noregskonungur.

Erlent vald hefur í þúsund ár verið gjörandi í mögnuðustu rimmum Íslendinga. Kristnitakan var lögtekin undir hótunum

Noregskonungs. Aftaka Jóns Arasonar biskups og tveggja sona hans í Skálholti 1550 var glæpur og inngrip Danakonungs í málefni landsins. Evrópusambandið er nú í hlutverki konunganna og mis-þyrmir lýðveldinu unga og stjórnmálaflokkarnir eru klofnir í herðar niður og pólitíkusar dagsins gera hosur sínar grænar fyrir „kónginum í Brussel.

Icesave var stríð okkar samtíma við erlent vald, og þar varð forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson öflugasti stjórnmálamaðurinn. Það hefur ekkert breyst, nema manndrápið er sem betur fer ekki á dagskrá. Ísland bjó ekki við fjórflokkinn þá en ættarveldin voru nokkur þar sem frændur voru frændum verstir.

Það hefur aldrei farið leynt að Óttari er líkt farið og Sturlu Þórðarsyni sem skráði öldina á spjöld sögunnar. Sturla reynir jafnan að setja Gissur Þorvaldsson í hallærislega stöðu. Þeim báðum er lítið um Gissur frænda minn, en þeir hafa aðdáun á Sturlu Sighvatssyni. Það kemur fram í bókinni að Hákon konungur hvíslaði mörgu að Sturlu þegar hann kom frá páfanum í Róm sem iðrandi syndari. En auðmýktin er ekki Sturlu. Í framhaldinu hefst heljarslóðaorusta Sturlu og blóðugasta tímabilið. Sturla níðir og hrekur skáldið frænda sinn Snorra frá Reykholti og gerir aðför að Gissuri í Apavatnsför, þar sem engum blandast hugur um að ætlunin var að drepa Gissur. Framhaldið er Örlygsstaðabardagi, dráp Snorra og síðar Flugumýrarbrenna.

Mér finnst undir lok bókarinnar að Óttar skilji loksins tilfinningar Gissurar sem er hertekinn og niðurlægður við Apavatn, mitt í ríki sínu. Örlygsstaðabardagi var óhjákvæmilegur og síðar er Flugumýrarbrenna þar sem eiginkona Gissurar og þrír glæsilegir synir brenna inni. Gissur geldur í sögunni fyrir aðförina að Snorra Sturlusyni. Snorri er afburðaskáld og yfirburðamaður en sem stjórnmálamaður var hann klaufskur, níðskur og grunnhygginn. Kóngurinn úthellir blóði hans og í fjandaflokki hans eru meðal annars þrír fyrrum tengdasynir og tveir stjúpsynir. Bókin varpar nýju ljósi á Sturlungaöldina og í raun sér maður Íslandssöguna breytta í gegnum gleraugu Óttars Guðmundssonar. Bókin er spennusaga og glæpasaga sem gerðist og höfundur Sturlungu var í liði frænda sinna og skráði atburðina. Óttar er sanngjarnari frásagnarmaður þessa tímabils en Sturla Þórðarson. Þessa Íslendingasögu verða allir að lesa.

Sturlunga geðlæknisins er að mínu mati besta bók Óttars af mörgum líflegum. Óttar skoðar röstusamt líf Sturlunga og hetjurnar leggjast á bekkinn hjá geðlæknum.

Hvers vegna að standa með SÁÁ?

Valgerður Rúnarsdóttir
framkvæmdastjóri lækninga hjá SÁÁ

Íslendingar þekkja vandann sem stafar af áfengis- og vímuefnafíkn. Þeir hafa sýnt það með stuðningi við SÁÁ ár eftir ár, að vilji er fyrir meiri þjónustu vegna þessa alvarlega sjúkdóms.

Fíknsjúkdómur hefur afleiðingar sem koma við fjölskyldu og samfélagið allt. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, gerir vel grein fyrir alvarleikanum og hversu mikil áhrif neysla áfengis og annarra vímuefna hefur, á samfélög og heilsu einstaklinga, sjúkdóma og slys. Sjúkdómurinn áfengisfíkn er metinn hrjá 14,6% karla í Evrópu samkvæmt WHO. Árleg dauðsföll í heiminum vegna áfengisdrykkju eru talin þrjár milljónir og hálf milljón vegna annarrar vímuefnaneyslu, auk þess eru 7.3 milljónir dauðsfalla árlega vegna tóbaksreykinga. Síðustu 30 ár hafa reykingar, áfengisneysla og vímuefnaneysla skriðið ofar og ofar á lista yfir áhrifamestu áhættuþætti fyrir sjúkdóma og slys og sjúkdómsbyrði/DALYs í heiminum og eru þar í efstu sætum, sérstaklega fyrir aldurinn 25-49 ára. (DALYs = Disability Adjusted Life Years, The sum of years of potential life lost due to premature mortality and the years of productive life lost due to disability).

Þessar tölur skipta máli fyrir stjórnvöld þegar þau taka ákvarðanir um skiptingu fjár til heilbrigðisþjónustu og forvarna. Þau þurfa að hafa athygli á meginþættina og stóru myndina. Þau þurfa að meta kostnaðarhagkvæmni.

Þetta eru stórar tölur og í stóru samhengi. Við þurfum ekki stórar tölur og stórt samhengi þegar við lítum okkur nær. Fíknsjúkdómurinn er nálægur flestum heimilum og hérlendis veit almenningur að það er ástæða til að grípa inn í, það er hægt að fyrirbyggja og það er hægt að meðhöndla og það er hægt að minnka skaða.

Þess vegna leggur almenningur SÁÁ lið, til að geta gert meira en yfirvöld gera samning um, meiri heilbrigðisþjónustu fyrir fólk með fíknsjúkdóm og aðstandendur þess.

Það er enn svo, að stór hluti af heilbrigðisþjónustu sem SÁÁ veitir, er greiddur af frjálsum framlögum og styrkjum. Sá hluti þjónustunnar er því viðkvæmur, háður framlögum almennings. Við sjáum engan hluta þjónustunnar sem vit væri í að sleppa, þvert á móti er þörf fyrir miklu meira en samtökin hafa getað gert í mörg undanfarin ár. Það er ömurlegt að geta ekki veitt þjónustu þegar hennar er þörf og óskað. Árið 2020 er sérstakt og ekki dæmigert. Þrengingar og fyrirmæli vegna almannahagsmuna hafa skert þjónustuna eins og víðast. Hvernig verður 2021? Við, eins og fleiri, höfum áhyggjur af því að þörfin verði meiri á inngripi og meðferð við áfengis- og vímuefnafíkn á komandi misserum. Við þurfum að standa vaktina og gera okkar besta til að hafa aðgengi að þjónustu. Til þess þarf enn þá skilning og framlag almennings á Íslandi.

Takk ævinlega fyrir skilninginn og stuðninginn.

Við, eins og fleiri, höfum áhyggjur af því að þörfin verði meiri á inngripi og meðferð við áfengis- og vímuefnafíkn á komandi misserum.

FÓLK
Tíska
FIMMTUDAGUR 3. DESEMBER 2020

Íslenska fyrirtækið Rebutia hefur undanfarin ár unnið að þróun forrits sem gerir fólki kleift að velja fatnað sem passar líkamsbyggingu hvers og eins af mikilli nákvæmni með aðstoð gervigreindar. ➔4

ENZYMEDICA®
Gleðilega meltingu!

Hildur Yeoman rekur verslunina Yeoman á Laugaveginum sem er full af fallegri hönnun, fatnaði og gjafavöru. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hildur Yeoman flytur verslunina á Laugaveg

Hildur Yeoman hefur opnað stærri og glæsilegri verslun á Laugavegi 7. Í versluninni fæst úrval af gjafavöru, skarti, húðvörum, handtöskum og fleiru en aðalsmerki verslunarinnar eru flíkur hannaðar af Hildi Yeoman. ➔2

Framhald af forsíðu

Eftir flutninga verslunarinnar Yeoman fyrir tveimur vikum hefur vöruúrvalið breikkað töluvert að sögn eigandans og hönnuðarins Hildar Yeoman.

Í versluninni er nú sem áður mikið úrval af fallegum fötum, bæði vörulínum sem Hildur hannar sjálf undir merkinu Hildur Yeoman og vönduðum fatnaði frá erlendum merkjum.

„Það er komin ný jólalína af fatnaði frá okkur, fallegir jólakjólar, bolir, silkiklútar og ýmislegt fleira fallegt. Við bjóðum líka upp á mikið af prjónavörum en við erum að bæta úrvalið af þeim núna. Þetta eru til dæmis húfur, treflar og vinsælu mohair og merino peysurnar okkar. Dásamlega mjúkar og hlýjar, fullkomnar fyrir þetta kuldakast sem nú ríður yfir landið. Við erum þekkt fyrir að gera kvenleg og klæðileg snið, við viljum að allar konur geti fundið eitthvað við sitt hæfi hjá okkur," segir Hildur.

Mér finnst Íslendingar áhugasamir um að kaupa íslenska hönnun, þeir eru meðvitaðir um hvaðan flíkin er að koma, að hún sé framleidd við góðar aðstæður og sem betur fer vilja margir styðja við íslensk fyrirtæki. Þeir fáu ferðamenn sem eru hér núna eru einnig mjög áhugasamir."

Auk fata og skarts hefur Hildur einnig hannað nýja línu af fallegum kertum. „Þetta eru Venusarkerti. Þau eru frekar stór, svona 31 sentimetri, og öll handgerð. Ég er búin að vera að vinna að þessari línu í nokkra mánuði og það er spennandi að hún sé komin út núna rétt fyrir hátíð ljóssins."

Ragnheiður verslunarstjóri klæðist nýju Merino og Mohair peysunni úr hátíðarlínunni. Peysurnar koma í nokkrum litum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Úrval af gjafavöru

„Eftir að við fluttum í nýja húsnæðið erum við með meira af gjafavörum en áður, bæði af skarti og snyrtivörum. Við erum til dæmis að taka inn ótrúlega spennandi franskt ilmvatnsmerki sem heitir Bon Parfumeur. Þau eru þekkt fyrir spennandi ilmi og fallegar umbúðir, en við fáum líka ilmkerti frá þessu vörumerki," segir hún.

Hildur segir að hún reyni að velja vörur sem framleiddar eru með umhverfissjónarmið í huga þegar hún velur vörumerki fyrir búðina.

„Við erum með franskt húðvörumerki sem heitir Panier Des Sens en allt frá þeim er lífrænt. Þetta er mjög flott fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið verðlaunað fyrir húðvörurnar og handáburðina sína, en það er eitthvað sem okkur vantar núna þegar allir eru að spritta sig á fullu," segir Hildur og hlær. „Vörurnar eru í mjög fallegum umbúðum og eru tilvalin gjöf. Við höfum verið með þetta merki í svolítinn tíma en höfum bætt inn fleiri vörum frá þeim þar sem við höfum meira pláss á nýja staðnum."

Hildur segir að í búðinni sé fullt af gjafavörupökkum sem henta vel í jólagjafir, þar á meðal eru pakkar frá Panier Des Sens.

„Við erum með pakka með húðkremi og sturtusápu, handáburðarsett og líka litla pakka sem eru þægileg aukagjöf, til dæmis pakki með handáburði og varasalva og fleiri skemmtilegir. Auk þess erum við með alls kyns aðrar gjafavörur, til dæmis skart, hárklemmur, skó og töskur," segir Hildur.

Hún segir að töskurnar frá Silven séu mjög vinsælar, en þær eru gerðar úr endurunnu næloni.

„Við erum líka með pelsa sem eru úr þræði sem er ofinn úr endurunnum plastflöskum. Pelsarnir eru frá merkinu Jakke, þeir líta út eins og venjulegir pelsar, en eru vegan. Við leggjum áherslu á að hlusta á það sem neytandinn vill og erum þess vegna með mikið af umhverfisvænum og vegan vörum. Það eru mörg flott merki að velta þessum hlutum fyrir sér í dag og okkur finnst það sjálfum spennandi og mikilvægt.

Úrval af fallegu skarti frá Vanessu Mooney.

Vörurnar frá Panier Des Sens eru allar lífrænar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Miklu betra húsnæði

Hildur segir ástæðu flutninganna yfir á Laugaveg vera þá að það vantaði stærra og betra húsnæði fyrir verslunina.

„Við vorum búin að vera að leita að stærra húsnæði í svolítinn tíma, þar sem við gætum haft vinnustofuna á sama stað. Svo núna þegar mikið af lundabúðunum eru farnar varð til pláss. Það eru margar nýjar verslanir að spretta upp á Laugavegi núna sem mér finnst mjög spennandi. Þetta eru búðir sem henta betur fyrir Íslendinga. Við vorum áður á Skólavörðustíg en það er miklu meiri traffík hér á Laugavegi. Við erum á mun meira áberandi stað núna og það er stórt bílastæðahús beint fyrir aftan verslunina svo þetta er draumastaðsetning fyrir okkur. Við erum þar sem Kisan var einu sinni, rétt hjá Veitingahúsinu Ítalíu."

Vörurnar eru einnig fáanlegar á hilduryeoman.com

Hönnun Hildar er þekkt fyrir kvenleg og klæðileg snið.

Í nýju hátíðarlínunni er að finna veglega silkiklúta sem eru framleiddir á Ítalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is

Rösch náttkjóll og náttloppur, selt saman
Verð: 59.980 kr.

Rösch bómullar náttsloppur
29.980 kr.

Rösch náttkjóll
Verð: 19.980 kr.

Ringella náttsloppur
Verð: 19.980

GLÆSILEGT ÚRVAL AF NÁTTFATNAÐI

TILVALIN JÓLAGJÖF

Ringella náttkjóll
Verð: 11.980

Ringella náttsloppur
Verð: 17.980

Rösch bómullar náttföt
Verð: 24.980

Rösch náttföt
Verð: 32.980

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Í kjólinn fyrir jólin er úrelt klisja

Fyrirtækið Rebutia hefur undanfarin ár unnið að þróun forrits sem gerir fólki kleift að velja fatnað sem passar líkamsbyggingu hvers og eins af nákvæmni með aðstoð gervigreindar.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Anna og Heiðrún Ósk himinlifandi í Turku þar sem þær báru sigur af hólmi í norrænu nýsköpunarkeppninni „Å Pitch - do good, do business“. MYND/SONJASIIKANEN

Fyrirtækið Rebutia hefur undanfarin ár unnið að þróun forrits sem gerir fólki kleift að velja fatnað sem passar líkamsbyggingu hvers og eins af mikilli nákvæmni, með aðstoð gervigreindar.

„Það er kominn tími til að taka þátt í að breyta því hvernig við verslum föt á netinu og spara tíma, peninga, auka sjálfstraustið og vernda umhverfið,“ segir Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir en hún, ásamt Önnu Gunnarsdóttur, stendur að baki fyrirtækinu Rebutia.

Samstarfið draumi líkast

Anna er lærður stílisti og útskrifaðist frá skóla Barbara Jacques's í Englandi og var auk þess með tískuskólann Anna og útlitið, þar sem hún kenndi nemendum frá fjölmörgum löndum í yfir 24 ár. Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir er viðskiptafræðingur, hún stofnaði fyrirtækið Dimmblá árið 2013 sem framleiðir vistvænan fatnað og leggur áherslu á að draga úr sóun.

„Anna starfaði í mörg ár sem stílisti og fann að hún vildi finna leið til að gera þjónustu sína aðgengilegri fleirum. Það getur verið dýrt að ráða persónulegan stílista og fáir sem hafa tíma eða fjármagn til þess. Anna fann fyrir mikilli þörf á slíkri þjónustu og fór af stað í þróun ásamt forriturum. Leiðir okkar lágu saman árið 2018,“ segir Heiðrún Ósk.

„Ég var þá að leita að platformi fyrir hugmynd sem ég var með til að hjálpa fólki að finna réttan fatnað og minnka þá háu skilunartíðni á fatnaði sem er keyptur á netinu. Við erum báðar mjög framkvæmdaglaðar, með mjög ólíkan bakgrunn en vinnum einstaklega vel saman og ákváðum að hefja þessa vegferð og sjáum ekki eftir því.“

Hvers vegna ákváðuð þið að gera þetta verkefni að veruleika?

„Fyrst og fremst ástríða okkar beggja og trúin á verkefnið. Við sjáum fram á mikla möguleika að hjálpa fólki að líða vel í fatnaði sem hentar vaxtarlagi þess. Þegar þér líður vel þá eykst sjálfstraustið til muna og orka til athafna vex. Við höfum þá trú að okkur geti öllum liðið vel í eigin líkama sama hvaða stærð eða vaxtarlag við höfum. Við eigum að taka ákvarðanir út frá okkur sjálfum en ekki nýjustu tísku. Þessi gamla klisja í kjólinn fyrir jólin er löngu úrelt. Við eigum alls ekki að þurfa að breyta líkama okkar til að fötin henti heldur hreinlega að finna fatnað sem hentar okkar einstaka líkamsvexti og vera ánægð með það sem við höfum. Við höfum öll okkar jákvæðu eiginleika hvort sem það er gott mitti, langa fótleggi eða fallegt bros. Það er það sem við eigum að leggja áherslu á.“

Einfalt og þægilegt í notkun

Heiðrún segir forritið einfalt í notkun og að mikilvægt sé að gefa upp réttar upplýsingar. „Tæknin virkar þannig að þú ferð inn á heimasíðuna okkar, skráir þig inn og fyllir út vaxtarlagið og líkamshluta þína frá toppi til táar og kerfið leiðbeinir þér alla leið. Það skiptir miklu máli að vera heiðarlegur og fylla út eins og þú ert í dag en ekki eins og þú vilt líta út eftir einhverjar vikur eða mánuði. Til að fá nákvæmari niðurstöðu þá er hægt að að nota málband en það er ekki nauðsynlegt. Þetta ferli tekur 3-5 mínútur og í kjölfarið velur tískuráðgjafinn fatnað frá yfir 50 high street vörumerkjum sem henta þér og þinni líkamsbyggingu.“

Ljóst er að forrit af þessu tagi geta nýst stórum hópi fólks en margir kannast við þá yfirþyrmandi tilfinningu sem fylgir því að reyna að velja föt sem henta nákvæmlega þeirra líkamsgerð og persónuleika. „Þetta er hugsað fyrir fólk sem hefur áhuga á að líða betur og veit ekki hvað fer því vel og hefur hvorki tíma né fjármagn til að ráða stílista til að hjálpa sér. Nú getur þú gert þetta frítt í þægindunum heima fyrir og færð tækifæri til að finna fatnað sem endurspeglar hver þú ert.“

Heiðrún segir verkefnið hafa fengið frábærar viðtökur. „Við fórum af stað með fyrstu útgáfu á markaðinn í fyrra til að prófa og fengum strax um 1.000 notendur, sem er mjög jákvætt og fengum heilmikla endurgjöf. Síðan þá höfum við verið í mikilli þróun og okkar notendur hafa hjálpað okkur heilmikið í því ferli.“ Verkefnið hefur að auki hlotið bæði verðlaun og styrk. „Við erum í grunninn hugbúnaðarfyrirtæki og það er mikil áframhaldandi þróun á næstu árum. Við tókum þátt í Start Up Reykjavík í fyrra, unnum Å Pitch-keppni í Turku og fengum úthlutað Sprotastyrk frá Rannís, þetta hefur hjálpað okkur gífurlega mikið.“



Heiðrún Ósk segir forritið afar einfalt og fljótlegt í notkun og að ferlið taki ekki nema um 3-5 mínútur. Hér má sjá hvernig það birtist notendum.

Hér gefur að líta skjáskot af heimasíðu fyrirtækisins Rebutia.

Bjóða einnig upp á námskeið

Forritið er í stöðugri þróun sem miðar að því að gera það enn þá nákvæmara og öflugra fyrir notendur. „Nú erum við að þróa litgreiningu og fatasamsetningu sem verður í áskrift. Þetta mun gera fólki kleift að versla föt á netinu, ekki bara í réttu sniði heldur einnig í réttum litum og fá tillögur að fatasamsetningu sem hentar og getur nýtt fataskápinn betur. Fatasamsetningin gefur þér hugmyndir um hvaða snið fara vel saman og þá til að mynda ef þig vantar blússu þá er mælt með sniði af pilsi í lit og stíl sem þú gætir nú þegar átt til í fataskápnum og þar af leiðandi verður nýtnin enn meiri,“ útskýrir Heiðrún.

„Þetta erum við nú að fyrir fram selja í gegnum fjármögnunarsíðuna Indiegogo og hægt er að tryggja sér þessa þjónustu á góðum afslætti og áætluð afhending er í mars.“

Þá gefst áhugasömum nú kostur á að skrá sig á fyrirhugað vefnámskeið Heiðrúnar og Önnu þar sem farið verður yfir allt sem tengist fatnaði og ýmsu öðru sem snýr að útliti. „Einnig erum við að fara af stað með fimm vikna námskeið á netinu sem er sérstaklega fyrir konur og þar lærirðu hreinlega allt um hvaða snið henta þér; litir, fatasamsetningu; hvernig þú getur nýtt fataskápinn þinn; hvaða litur af farða passar og allt upp í hvaða gleraugu henta,“ segir Heiðrún.

„Við höfum mikinn metnað í að hjálpa konum að auka sjálfstraust og vellíðan. Við teljum að þetta sé ein besta jólagjöfin sem þú getur gefið sjálfri þér. Það er hægt að tryggja sér sæti á námskeiðið núna í gegnum Indiegogo.“

ES&SY peysujakki
Stærðir 36-46
Verð kr. 8.980

ES&SY peysujakki
Stærðir 36-46
Verð kr. 8.980

Ivy Beau blússa
Stærðir 36-46
Verð kr. 8.980

Ivy Beau pífukjóll
Stærðir 36-46
Verð kr. 12.980

ES&SY pleðurkjóll
Stærðir 36-46
Verð kr. 9.990

yesta BY X-TWO | yest | no secret | Q'neel | ROBELL | ZHENZI | ZE-ZE Nordic | OPHILIA

ES&SY kjóll
Stærðir 36-46
Verð kr. 9.980

YestA Tunika
Stærðir 44-60
Verð kr. 8.980

YestA kjóll
Stærðir 44-60
Verð kr. 10.980

Ivy Bella skyrtukjóll
Stærðir 46-56
Verð kr. 13.980

Yest rúllukragapeysa
Stærðir 36-48
Verð kr. 6.980

SYBEL | festival DENMARK | STUDIO | GOZZIP | SANDGAARD | LASESSOR | FRANDSEN | Tamaris | Handberg | Jana

JANA ökklaskór
Stærðir 37-42
Verð kr. 12.990

JANA fóðraðir-ökklaskór
Stærðir 37-42
Verð kr. 21.990

JANA fóðraðir-ökklaskór
Stærðir 37-42
Verð kr. 21.990

JANA leður-ökklastígvél
Stærðir 37-42
Verð kr. 24.990

TAMARIS leðurstígvél
Stærðir 37-42
Verð kr. 33.980

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Tískuvara fyrir jólin 2020

Gömul og gegn jólahefð virðist hafa náð hæstu hæðum í vinsældum fyrir þessi jól. Það er gamli góði hnotubrjóturinn sem er orðinn að tískuvöru og umgjörð hans hefur breyst í glans og glys.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Þýska hefðin hefur borist um heim allan og vinsældirnar aukast ár frá ári enda eru hnotubrjótar nú fáanlegir í margvíslegum útfærslum sem fólk safnar. Samkvæmt Google hefur spurningum um hnotubrjótinn fjölgað um 60% á síðustu fimm árum. Ekki nóg með það heldur á hnotubrjóturinn rétt tæplega 100 þúsund fylgjendur á Instagram.

Hnotubrjóturinn sem jólaskraut á sér langa og skemmtilega sögu. Sérstaklega var hann vinsæll í Þýskalandi þar sem hann kom á markað árið 1865. Þá tók þýskur trésmiður, Wilhelm Fuchtner, til við að handskera út hnotubrjóta í atvinnuskyni. Fyrirmyndina fékk hann úr bókinni Hnotubrjóturinn og músakóngurinn eftir þýska höfundinn E. T. A. Hoffmann sem skrifuð var árið 1816.

Nokkrum árum síðar eða árið 1892 var hinn heimsfrægi ballett, Hnotubrjóturinn, sýndur á aðventu, sem leiddi til þess að hnotubrjótar tengdust jólum. Bolshoi ballettinn í Moskvu hefur gert Hnotubrjótinn að ógleymanlegri sviðsuppfærslu við tónlist Tsjaíkovskíj sem hann samdi sérstaklega fyrir þetta verk. Hnotubrjóturinn er eitt vinsælasta tónverk hans og ballettinn er sýndur á hverju ári fyrir jól um allan heim og hefur verið sérstaklega vinsæll í Bandaríkjum, þar sem meðal annarra hinn frægi San Francisco ballett hefur sett hann upp um jólin undir stjórn Helga Tómassonar.

Sagan byggir á sögunni Hnotubrjóturinn og músakóngurinn eftir Hoffmann.

Maria Stahlbaum fær hnotubrjót í jólagjöf, leikfang sem hún tekur ástfóstri við og fljótlega kynnist hún ævintýraheimi sem býr í honum. Hnotubrjóturinn lifnar við eftir að hafa unnið músakóng í bardaga og reynist þá vera manneskja í álögum. Í sögunni takast á góð og vönd öfl, draumar, vonir og þrár, sem börn hafa hlustað á yfir jólin í meira í tvær aldir.

Margir trúa því að hnotubrjóturinn sé tákn um kraft og styrk, verndi fólk frá illum öndum og sé boðberi gæfu og velvilja.

Í dag eru þessir fínu karlar, sem nýtast þó ekki til að brjóta hnetur, skreyttir duttlunga-

Hnotubrjótarnir eru komnir í margvíslegar og öðruvísi útgáfur. Þessir eru fallega bleikir með bollakökur á höfðinu. Margir eru farnir að safna alls kyns hnotubrjótum og raða þeim skemmtilega saman.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Margir trúa því að hnotubrjóturinn sé tákn um kraft og styrk, verndi fólk frá illum öndum og sé boðberi gæfu og velvilja.

fullum klæðnaði með glitrandi skarti. Þeir eru til í margvíslegum útfærslum og Bandaríkjamenn hafa gjarnan raðað þeim á arinhillur þar sem þeir gæta heimilisins um jólin.

Þá má geta þess að önnur svokölluð tískutrend fyrir þessi jól eru gamaldags keramík-jólatré með ljósum eins og sáust á heimilum á áttunda og níunda áratugnum. Sérfræðingar segja að jólin í ár eigi að vera frekar látlaus með heimagerðu góðgæti og kökum. Sem sagt að horfa til rólegri tíma í fortíðinni á COVID-tímum.

Þarna kennir ýmissa grasa, kokkur, listamaður, skipstjóri og jólasveinn auk soldátans. Skemmtilega ólíkir.

Rauðir og hvítir soldátar, kannski frá Danmörku. Ótrúlega flottir.

Svona bönd til að setja utan um jólapakkann eru svo vinsæl að þau seljast iðulega upp mjög fljótt.

Dæmigerður hnotubrjótur en þó með ívið meiri glimmerskreytingu en venjulegir soldátar hafa á sér.

Jólalegir og fínir í glimmerklæðum. Tilbúnir að henda sér á diskóið.

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

FRAMLENGJUM BLACK FRIDAY
Tilboð á nýjum 2020 Mitsubishi Outlander í svörtum lit. Vetrardekk og mottusett fylgir. Langt undir tilboðsverði umboðsins á 5.690.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR.IS
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

myranaut
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing

FAST Ráðningar
lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is

Til sölu



Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122

Húsnæði

Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Erum við að leita **að þér?**

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

NTC
JÓL 2020
fullkomin
jólagjöf
Jólahandbók
www.ntc.is
NTC
GJAFAKORT
200
glæsilegar
gjafahugmyndir

Óðagot Orkuveitunnar í Elliðaárdal

Auður Sveinsdóttir landslagsarkitekt Fíla og fyrrv. dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands

Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt Fíla

Eins og þruma úr heiðskíru lofti birtist umhverfisstjóri Orkuveitu Reykjavíkur þann 29. október síðastliðinn fyrir framan landsmenn í fréttum RÚV og tilkynnti landsmönnum að Orkuveita Reykjavíkur ætlaði að skila Elliðaárdalnum til baka eftir 100 ára nýtingu vatnsins í ánum. Nú yrði vatninu endanlega hleypt í gegnum lokurnar í stíflunum. Allt yrði þá eins og fyrir 100 árum og síðar yrðu stíflumannvirkin fjarlægð. Íbúar í Árbæjarhverfi horfðu hver á annan um leið og þeir horfðu á vatnsborðið í Árbæjarlóni næst byggðinni hverfa og í ljós kom 100 ára vatnsbotn, eðja og drulla sem lak niður í farveginn. Fuglarnir á lóninu forðuðu sér hið bráðasta en eftir sitja furðu lostnir og gramir íbúar, hluti af lífríki svæðisins sumir, sem hafa búið þarna í yfir 50 ár og horfa nú á forarbeð með fram ánni.

Í inngangsorðum Evrópska landslagssamningsins (ELC), sem Ísland undirritaði 2012 og var staðfestur 2019, segir meðal annars að með samþykkt samningsins geri aðilar sér ljóst og virði það „að landslag stuðlar að myndun staðbundinnar menningar, að það er grundvallareining í náttúrulegri og menningarlegri arfleifð Evrópu auk þess sem það stuðlar að mannlegri velferð og styrkir ímynd Evrópu“.

Það er margt sem þarf að fara betur yfir í þessu máli.

Ef málsferillinn er skoðaður í tímaröð þá verða til enn fleiri spurningar sem ekki verður svarað nema af Orkuveitunni sjálfri. Nefnum hér nokkur atriði.

- Það eru aðeins rétt um þrír mánuðir síðan tillaga um „að skila Elliðaárdalnum aftur til samfélagsins“ var kynnt stjórn OR. Tillaga sem samkvæmt fundargerð var rædd en ekki samþykkt.

Gjörningurinn er talinn vera í náttúrufræðilegum tilgangi – byggður á skyndi-umhverfismati OR til að réttlæta framkvæmdina.

- 13. október 2020 pantar Orkuveitan hjá verkfræðistofunni Verkís greinargerð um „Áhrif tæmingar á lóni ofan Árbæjarstíflu á fuglalíf“, henni var skilað 20. 10. 2020. Greinargerðin virðist býsna snöggsoðin en samkvæmt henni er að minnsta kosti augljóst að umtalsverðar breytingar verða á fuglalífi og upplifunargildi svæðisins er varðar fuglaskoðun.
- 28. október 2020 berst Orkustofnun „Minnisblað Hafrannsóknastofnunar“ sem er byggt á rannsóknargögnum úr ánni með tillögum um fjórar leiðir til þess að endurheimta Elliðaárdalinn eftir 100 ára not af ánum til orkuvinnslu. Í þeirri samantekt er að sjálfsögðu eingöngu fjallað um lífríki fiska og þeirra lifnaðarhætti.
- 29. október er botnlokinn opnaður og vatni hleypt úr lóninu. Í vísindalegum tilgangi samkvæmt talsmanni OR.
- 18. nóvember eftir að gjörningurinn var afstaðinn, var haldin „Kynning fyrir íbúaráð“.
- Mjög takmörkuð kynning fyrir borgarstjórn og skipulagsyfirvöld.
- Rétt er einnig að benda á að endurskoðað deiliskipulag fyrir Elliðaárdal var lagt fyrir fund hjá skipulagsráði Reykjavíkur 18. nóvember síðastliðinn þar sem Árbæjarlónið er hluti skipulagsins. Málið hlaut ekki afgreiðslu, en svo virðist sem OR komi sú vinna ekkert við í þessu máli.

Virkjunarmannvirkið í Elliðaárdal, stífla, vatnslögn til stöðvarhússins, er 100 ára á næsta ári og var friðlýst af Minjastofnun 2012. Virkjunin var fyrsti ljósgjafi höfuðborgarinnar 1921.

Umhverfisstofnun, sem fer með náttúruvernd og friðlýsingar, vissi ekki af gjörningnum, en Elliðaárdalur er á náttúruminjaskrá samanber Fréttablaðið 25. nóvember.

Að þessu framansögðu teljum við ekki boðlegt að OR taki þessa einhliða ákvörðun án vandaðrar umfjöllunar.

Svona aðgerð þarf tíma, góðan undirbúning og ekki síst samráð. Hún hlýtur að vera skipulagsmál

Stjórnsýsla, skortur á samráði við málsmeðferð og óvönduð vinnubrögð sæmir ekki stofnun eins og Orkuveitu Reykjavíkur sem er í eigu almennings.

og ef til vill tengd mati á umhverfisáhrifum, því hér er verið að framkvæma umtalsverðar breytingar á lífríki, menningarminjum og landslagi. Það að segjast vilja færa í upprunalegt horf á nokkrum vikum er fásinna. Allur dalurinn, allt frá Elliðavatni að Rafstöðvarhúsi og að ósi Elliðaár, er ein heild, tengd þeim breytingum á landi sem urðu vegna raforkuframleiðslu fyrir nær 100 árum og er orðin stór hluti af menningarsögu okkar. Lónið er einn hluti þessarar keðju.

Af hverju á þá ekki samkvæmt öllu þessu að færa neðri hluta dalsins sem var með grasi vöxnum árbökkum í upprunalegt horf og fjarlægja þann skóg sem þar er? Eða fjarlægja stífluna við Elliðavatn? Vatnsaflsvirkjanir með öllu sem þeim tilheyra eru og verða óafturkræfar framkvæmdir. Að færa svæðið í „upprunalegt horf“ er illa hugsuð og þröngsýn aðgerð byggð á skilningsleysi og gamaldags hugsunarhætti.

Þessi hugsun stenst ekki skoðun að okkar mati. Auk þess er allt þetta svæði frá Elliðavatni og að sjó eitt vinsælasta útivistarsvæði borgarinnar – þar sem þéttbýl svæði liggja að því. Umtalsverð breyting verður á upplifunargildi landslagsins þar sem lónið var. Fjöldi fólks nýtir þetta svæði sér til heilsubótar og aukinnar lýðheilsu þar sem fer saman upplifun – vatn (vatnsflötur) gróður og fuglalíf.

Fuglalíf raskast verulega – álftaparið í hólmanum er gert útlægt – hvert fer það?

Fjölbreytileiki svæðisins er umtalsverður og það er einmitt ein meginforsenda góðra útivistarsvæða. Lækir, ár, vötn (stífla), gróður, fuglalíf og fleira og fleira er það sem við sækjumst eftir.

Stjórnsýsla, skortur á samráði við málsmeðferð og óvönduð vinnubrögð sæmir ekki stofnun eins og Orkuveitu Reykjavíkur sem er í eigu almennings.

Tilbúin í ævintýri vetrarins?

4x4 591057
Nissan X-trail Tekna '19, sjálfskiptur, ekinn 64 þús. km. Verð: 4.990.000 kr.

4x4 591120
SsangYong Rexton Dlx '17, sjálfskiptur, ekinn 87 þús. km. Verð: 3.990.000 kr.


4x4 591123
Suzuki Vitara gl+ '19, sjálfskiptur, ekinn 64 þ. km. Verð: 2.990.000 kr.


4x4 446498
Opel Mokka X Innovation '18. sjálfskiptur, ekinn 72 þús. km. Verð: 3.390.000 kr.

4x4 446531
Land Rover Evoque Pure '13, sjálfskiptur, ekinn 153 þús.km. Verð: 3.490.000 kr.

446452
Opel Astra Innovation '18, beinskiptur, ekinn 80 þús. km. Verð: 2.190.000 kr.

591124
Toyota Avensis Active '16, sjálfskiptur, ekinn 69 þús. km. Verð: 2.490.000 kr.

4x4 112900
BMW X5 Xdrive '11, sjálfskiptur, ekinn 187 þús. km. Verð: 3.490.000 kr.

4x4 446471
JEEP Grand Cherooke Laredo '09, sjálfsk. ekinn 139 þús. km. Verð: 1.690.000 kr.

4x4 446500
SsangYong Korando Hlx '18, sjálfskiptur, ekinn 46 þús. km. Verð: 3.990.000 kr.

Meira úrval á notadir.benni.is



Reykjanesbær
Bílasala suðurnesja
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opnunartímar:
Virka daga 12-17

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

Bílabúð Benna Notaðir bílar

* Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

Jólatilboð

STILLANLEG RÚM

20-35% AFSLÁTTUR

VERÐDÆMI

ERGOMOTION +40
35% AFSLÁTTUR

TILBOÐSVERÐ
296.010 KR

VERÐ 455.400 KR
STÆRÐ 2X90X210

Innifalið í verði lagskipt heilsudýna, stillanlegur botn og fætur.

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

Þörf á hinsegin fræðslu í íþróttalífið

Nýleg könnun sýnir að hinsegin fólk verður enn fyrir fordómum í íþróttum. Þau segja enn þörf á betri fræðslu um málefni hinsegin fólks. Vandamálið er verra hjá körlum þar sem margir hafa neyðst til að hætta eða skipta um umhverfi til að forðast fordómana.

ÍÞRÓTTIR Nýlega framkvæmdi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar könnun á meðal hinsegin fólks þar sem könnuð var afstaða þess til íþróttaiðkunar, upplifun þess af að stunda íþróttir og hvort fordóma gætti í íþróttastarfinu. Þá er leitast við að fá fram hvers kyns úrbóta sé þörf í könnuninni.

Alls svöruðu 40 einstaklingar könnuninni en svarendur voru 13-60 ára. Þar af voru 22 konur, 12 karlar, fimm kynsegin einstaklingar og einn vildi ekki gefa upp kyn sitt. Næstum allir svarendur, eða 38 manns, voru hinsegin vegna kynhneigðar, til dæmis samkynhneigðir eða tvíkynhneigðir. Af svarendum voru 33 sís (þ.e.a.s. ekki trans), sex trans og einn kaus að gefa ekki upp kynvitund sína.

Fram kemur í könnuninni afdráttarlaus vísbending um að hinsegin fólk verði fyrir fordómum í íþróttastarfi og það skorti tilfinnanlega fræðslu innan íþróttafélaga á málefnum hinsegin fólks.

Um þriðjungur svarenda sagðist til að mynda upplifa vanþekkingu á málefnum hinsegin fólks frá þjálfurum, rúmlega helmingur upplifði fordóma vegna hinseginleika í íþróttum og 65 prósent svarenda urðu vitni að fordómum innan íþróttahreyfingarinnar.

Hins vegar merkti helmingurinn af þeim 35% sem sögðust ekki hafa orðið vitni að fordómum, það að hafa orðið vitni að fordómafullum þáttum á borð við niðurlægjandi orðræðu í garð hinsegin fólks, að gert var grín að hinsegin fólki, að talað var um andstæðinga eða þau sem voru ekki nógu góð sem hinsegin á neikvæðan hátt og að fólk vildi ekki eða væri óöruggt með það að nota búningsklefa með hinsegin fólki, svo fátt eitt sé nefnt. Þá sögðu 68 prósent að ekki hefði verið tekið á fordómunum sem þau urðu fyrir eða urðu vitni að.

Svandís Anna Sigurðardóttir, sérfræðingur í hinsegin og jafnréttismálum hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, segir að það sem skíni í gegnum könnunina sé þörfin á því að efla fræðslu um hinsegin fólk innan íþróttafélaganna. Staðfest hafi verið sú vísbending sem hafi fengist við úttekt á jafnrétti innan íþróttafélaganna á höfuðborgarsvæðinu og tilfinningu sem fæst þegar rætt er um málefni hinsegin fólks sem tekur þátt í íþróttastarfi.

Sólveig, sem er sérfræðingur hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, segir að bersýnilegt hafi verið hjá þátttakendum könnunarinnar að enn væru fordómar til staðar í garð hinsegin fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Niðurstöðurnar sýna að þó svo að staðan hafi vissulega batnað þá er mörgu ábótavant hvað þátttöku hinsegin fólks innan íþróttafélaga varðar.**
>
> Svandís Anna Sigurðardóttir, sérfræðingur í hinsegin- og jafnréttismálum

„Þegar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar kannaði jafnréttismál hjá íþróttafélögum kom í ljós að það vantaði bersýnilega í stefnur félaganna atriði er snúa að hinsegin fólki og verkferla í kringum það málefni. Af þeim sökum var ákveðið að kanna hug hinsegin fólks sem hefur tekið þátt í íþróttastarfi. Niðurstöðurnar kannski sýna að þó svo að staðan hafi vissulega batnað þá eru mörgu ábótavant hvað þátttöku hinsegin fólks innan íþróttafélaga varðar og margt sem þarf að laga til þess að koma hlutunum í ásættanlegt horf," segir Svandís Anna í samtali við Fréttablaðið.

„Ég þekki á eigin skinni þá neikvæðu og niðurlægjandi orðræðu sem hefur viðgengist um lesbíur og hef heyrt af því að hinsegin strákar þurfi að brynja sig vel til þess að geta tekið þátt íþróttastarfi. Það er að sjálfsögðu ekki eðlilegt og það þarf að taka á því vandamáli föstum tökum. Okkur er tíðrætt um forvarnargildi íþrótta og viljum við að sá vettvangur sé raunverulegur valkostur fyrir hinsegin fólk, en til þess að það geti orðið þarf að skapa öruggt umhverfi og sérstaklega taka fram að hinsegin fólk sé velkomið. Margir í könnuninni nefndu að það væri gott að hafa hinsegin fyrirmyndir í íþróttum en við þurfum þá líka að skapa umhverfi þannig að hinsegin íþróttafólki finnist þægilegt að ræða hinseginleika sinn opinberlega," segir Svandís enn fremur.

Af þeim sem svöruðu sögðu 95 prósent að þau hefðu ekki fengið neina fræðslu um málefni hinsegin fólks á vegum íþróttafélaganna og 80 prósent töldu að engin fræðsla væri fyrir þjálfara, stjórnir og aðra forsvarsmenn íþróttafélaga um málefnið. Þá voru 80 prósent á þeirri skoðun að þörf væri á að bæta íþróttahreyfinguna þannig að hinsegin fólk taki meiri þátt í henni.

„Í ljósi þeirrar blautu tusku sem við fengum í andlitið með niðurstöðum þessarar könnunar er núna verið að skoða það með Íþróttabandalagi Reykjavíkur hvernig má koma á fræðslu um málefni hinsegin fólks hjá íþróttafélögum borgarinnar. Það er fyrsta skrefið í átt til betra ástands að fræða þá sem koma að starfinu, fá umræðuna upp á yfirborðið og stinga á þeim kýlum sem eru til staðar. Oftast snýst þetta um að opna augu fólks fyrir þessum fordómum og valdefla það til þess að taka á þeim. Hins vegar þarf lausnin að vera kerfisbundin, það þarf að taka á þessu víða, með fræðslu, stefnum, verkferlum og aukinni umræðu.

Við vitum af vandamálinu, sérstaklega karlamegin þar sem umhverfið er þannig að stór hluti hinsegin stráka annað hvort hættir eða ákveður að skipta um umhverfi til þess að forðast fordóma. Við erum enn að díla við þann hugsunarhátt að það sé almennt umburðarlyndi gagnvart hinsegin fólki en það passi bara ekki inn í normið innan íþróttafélaga. Við höfum heyrt athugasemdir á borð við það að það sé alveg hinsegin fólk í skólanum, en það fái nú ekki að vera með í íþróttaliðinu. Þá þarf að taka á þeirri eitruðu stemmningu sem getur myndast innan klefans um að hinsegin fólk eigi ekki heima þar," segir hún um næstu skref í málinu.

hjorvaro@frettabladid.is

Knattspyrnuliðin nú búin að vinna leiki í öllum mánuðum ársins

FÓTBOLTI „Við erum að spila seinni leikinn í desember sem er ekki ákjósanlegur tími. Ég hreinlega efast um að Ísland hafi spilað marga leiki í desember í sögunni," sagði Jón Þór Hauksson, þjálfari kvennalandsliðsins í samtali við Fréttablaðið eftir leik Íslands og Ungverjalands á þriðjudagskvöldið og hitti Skagamaðurinn þar naglann á höfuðið. Þetta var aðeins annar leikurinn sem A-landslið Íslands, karla- eða kvennalið hefur leikið í desembermánuði á þeim 74 árum sem eru liðin frá fyrsta opinbera landsleik Íslands í knattspyrnu og um leið fyrsti sigurinn í desembermánuði.

Með því hefur Ísland unnið leiki í öllum tólf mánuðum ársins þar sem karla- og kvennalið Íslands styðja við hvort annað. Karlaliðið á enn eftir að vinna leik í desember enda afar sjaldgæft að leikið sé í desember. Á sama tíma bíður kvennalandsliðið eftir sigri í febrúarmánuði eftir sjö leiki án sigurs í mánuðinum.

Vegna áhrifa kórónaveirufaraldursins þurfti að fresta leikjum í undankeppninni langt inn í veturinn. Kvennalandsliðið lék tvo leiki í nýafstöðnum leikjaglugga en í 259 leikjum þar áður höfðu aðeins tveir þeirra farið fram í nóvember eða desember. Þá þurfti þjálfarateymið að undirbúa leikina, vitandi að tíu leikmenn leikmannahópsins væru aðeins með tvo landsleiki að baki á tveimur mánuðum í aðdraganda leiksins. Það kom ekki að sök því Stelpurnar okkar gerðu sitt og nældu í stigin sex sem þurfti til að fleyta liðinu beint inn á Evrópumótið 2022. Þetta verður í fjórða skiptið í röð sem Stelpurnar okkar keppa við bestu þjóðir Evrópu í lokakeppni EM.

Stelpurnar okkar fagna stórglæsilegu marki Berglindar Bjargar í Ungverjalandi sem skaut Íslandi á EM á þriðjudagskvöld. MYND/ MLSZ.HU

Fyrsti og eini leikur íslensks A-landsliðs í desembermánuði fram að leiknum í Ungverjalandi var árið 1997 þegar karlalandsliðið náði markalausu jafntefli gegn Sádi-Arabíu ytra. Leikurinn var utan hefðbundins landsleikjahlés og vantaði því atvinnumennina í lið Íslands sem var aðeins skipað leikmönnum úr Sjóvá-Almennra deild karla gegn þáverandi Asíumeisturum. Það er þó enn langt í að sigurfjöldinn í desembermánuði nái næstu mánuðum en Ísland hefur samtals unnið fimm leiki í nóvember og sex í febrúar. Flestir leikir hafa unnist í júnímánuði (46) og besta sigurhlutfallið er í marsmánuði (42,2 prósent) ef desember er tekinn úr dæminu enda aðeins tveir leikir í þeim mánuði. – kpt

Leikir knattspyrnulandsliðanna eftir mánuðum

janúar	22 leikir	9 sigrar
febrúar	27 leikir	6 sigrar
mars	97 leikir	41 sigrar
apríl	36 leikir	13 sigrar
maí	58 leikir	14 sigrar
júní	105 leikir	46 sigrar
júlí	55 leikir	15 sigrar
ágúst	95 leikir	29 sigrar
september	137 leikir	33 sigrar
október	90 leikir	30 sigrar
nóvember	35 leikir	5 sigrar
desember	2 leikir	1 sigur

TIL HAMINGJU!

Herra Bóbó, Amelía og ættbrókin eftir Yrsu Sigurðardóttur er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Teikningar Kristínar Sólar Ólafsdóttur auka enn á gildi þessarar skrautlegu og stórskemmtilegu sögu um gildi vináttunnar. Til hamingju Yrsa og Kristín Sól!

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

„Heilsteypt og drepfyndin bók þar sem einstakt hugmyndaflug fær að blómstra. Óhefðbundinn sögumaður nýtur sín afar vel í bráðsniðugum lýsingum höfundar á tilfinningalífi hans og sýn á heiminn. Skemmtileg ærslasaga með klassískan boðskap um gildi sannrar vináttu. Einfaldar en stórskemmtilegar myndir falla vel að textanum og gera söguna enn betri.“

UMSÖGN DÓMNEFNDAR UM ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN.

★★★★½

„HLÓ MARGSINNIS UPPHÁTT!“

KATRÍN LILJA, LESTRARKLEFINN.IS

„SKEMMTILEG OG SPENNANDI SAGA, FULL AF HÚMOR OG FRÁSAGNARGLEÐI!“

Úr umsögn dómnefndar Íslensku barnabókaverðlaunanna 2003 um Biobörn.

VERÖLD

bjartur-verold.is

Rafræn útskriftarsýning

Útskriftarnemar í grafískri miðlun og bókbandi í Tækniskólanum opna sýningu á morgun, 4. desember. Hún verður aðgengileg á heimasíðu skólans, fésbók og instagram.

Við erum níu að útskrifast, átta úr grafískri miðlun, og ein úr bókbandi," segir Brynjar Emil Friðriksson, nemi í Tækniskólanum. Hann kveðst vera „öldungurinn" í hópnum, 42 ára fjölskyldufaðir í Reykjanesbæ og hafa stundað námið að heiman síðustu tvær annir. „Þessi útskriftarhópur hefur lent hvað verst í COVID-19 dæminu, því hvoruga önnina á sérsviðum höfum við getað verið í skólanum."

Sigrún Rakel Ólafsdóttir lýsir því að grunnnámið sé tvær til þrjár annir, eftir undirbúningi nemenda. Síðan skiptist hópurinn á sérbrautir sem taki tvær annir, valið sé um grafíska miðlun, ljósmyndun, prentun eða bókband. „Ég ákvað að fara í grafíska miðlun," segir hún, „í því felst textagerð og myndvinnsla, hönnun og uppsetning bóka og tímarita, vefsíðna- og auglýsingagerð."

Eitt lokaverkefnið er sameiginlegt hjá hópnum, það er tímaritið Askur, sem Sigrún Rakel segir vera fjölbreytt að efni. „Við skrifum sjálf og sumt fáum við frá öðrum, með leyfi. Ég ákvað að taka fyrir íþrótt sem ég er búin að stunda alla ævi sem er samkvæmisdans. Svo er fjallað um tölvuleiki og einn lýsir hringferð um Ísland í sumar, svo eitthvað sé nefnt." Brynjar Emil segir Ask samtvinna flest sem þau hafi lært í náminu. „Svo er prentun og dreifing. Þetta hefur verið skemmtilegt og mikill lærdómur." Hann segir þetta í annað sinn sem útskriftarsýningin sé rafræn. „Hópurinn sem útskrifaðist í vor hélt að það yrði í eina skiptið en nú er það að endurtaka sig. Kannski í síðasta sinn, þar sem hillir undir bóluefni við veirunni."

Hvað tekur nú við? „Starfsþjálfun," segir Sigrún Rakel. „Við sækjum um í fyrirtækjum til að fá námssamning. Síðan er það sveinsprófið."

gun@frettabladid.is

Brynjar Emil Friðriksson og Sigrún Rakel Ólafsdóttir eru meðal útskriftarnemenda Tækniskólans í grafískri miðlun á þessari önn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Þessi útskriftarhópur hefur lent hvað verst í COVID-19 dæminu, því hvoruga önnina á sérsviðum höfum við getað verið í skólanum.**
>
> Brynjar Emil

Slóðirnar:

Sýningin verður opnuð á slaginu 15 á morgun, 4. desember og er aðgengileg hér:

Heimasíða: https://tskoli.wixsite.com/utskriftarsyningh20

Facebook: https://fb.me/e/UKmc2F2K

Instagram: https://www.instagram.com/grm.indd/

---

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Benedikts Ragnars Lövdahl

Garðsenda 15,

Lóa May Bjarnadóttir
Pétur Þór Benediktsson — **Anna Kristín Guðmundsdóttir**
Bjarni Benediktsson — **Ireti Elizabeth Akinroyeje**
Ása Diljá Pétursdóttir — **Dagbjört Lóa Pétursdóttir**

Heittelskaður eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sveinn Aðalsteinsson

hagfræðingur,

sem lést þann 9. nóvember síðastliðinn, verður jarðsunginn þann 8. desember kl. 13 í Fossvogskirkju. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu ættingjar viðstaddir en nálgast má streymi frá útförinni á mbl.is/andlat og á youtu.be/CxeevZf1oNU

Sigrún Hermannsdóttir
Ragna Björg Sigrúnardóttir — **Ron Owens**
Árni Sveinsson — **Sigríður María Sigurjónsdóttir**
Hrönn Sveinsdóttir — **Steven Meyers**
Marta María Sveinsdóttir
Svanhvít Tryggvadóttir — **Georg Holm**
og börn.



†

Ástkær vinur, faðir, tengdafaðir og afi,

Hans Helgi Stefánsson

matreiðslumaður,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 4. desember klukkan 11, að viðstöddum nánustu ættingjum og vinum. Athöfninni verður streymt á YouTube-síðu: Afturelding TV, www.youtube.com/channel/UCPUOLgOBtZrf2hAyryb2Eaw

Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð HERU, sérhæfðrar líknarheimaþjónustu Landspítalans.

Alda Ægisdóttir
Sigríður Diljá Blöndal — **Þorsteinn Hallsson**
Eva Rut Helgadóttir
Patrekur Helgason — **Unnur Ósk Burknadóttir**
Viktor Elí Þorsteinsson, Hallur Frank Þorsteinsson

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

Björn Gunnarsson

prentari,

lést 29. nóvember síðastliðinn. Útförin fer fram í Osló.

Unni Ruud
Soffía Unnur Björnsdóttir — **Ólafur Sigurðsson**
Hlín Gunnarsdóttir — **Loftur Magnússon**
Málfríður Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Steinunn Bjarnadóttir

Skipalóni 7, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 4. desember kl. 13.

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu geta aðeins nánustu aðstandendur verið viðstaddir útförina. Streymt verður frá athöfninni á slóðinni www.streyma/utfor

Aðstandendur vilja þakka starfsfólki Sólvangs fyrir einstaka umhyggju og alúð.

Gunnlaugur Fjólar Gunnlaugsson
Bjarni Þór Gunnlaugsson — **Sigríður Sigurðardóttir**
Kristín Fjóla Gunnlaugsdóttir
Silja Rún Gunnlaugsdóttir — **Friðrik Guðjón Sturluson**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Páll Pétursson

á Höllustöðum,
bóndi, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra,

verður jarðsunginn frá Blönduóskirkju laugardaginn 5. desember kl. 13.00, að viðstöddum nánustu aðstandendum.

Athöfninni verður streymt á slóðinni: facebook.com/100412425265948/live/

Virkan hlekk á slóðina má nálgast á mbl.is/andlat

Sigrún Magnúsdóttir
og fjölskylda.

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórdís Inga Þorsteinsdóttir

lést mánudaginn 30. nóvember á Hjúkrunarheimilinu Mörk.

Útförin fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 11. desember næstkomandi.

Vegna aðstæðna verður einungis nánasta fjölskylda viðstödd. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Hjúkrunarheimilisins Markar.

Sigrún Jakobsdóttir — **Guðmundur Ó. Friðleifsson**
Kristín Birna Jakobsdóttir — **Finnbogi Ingólfsson**
Sveinbjörn Jakobsson — **Þórveig Árnadóttir**
Guðrún Jakobsdóttir — **Júlíus Kristjánsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær afi okkar og vinur,

Erlendur Þórðarson

sendibílstjóri,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 28. nóvember. Útförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 8. desember klukkan 13.00. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verða aðeins nánasta fjölskylda og vinir viðstödd útförina. Hægt verður að nálgast streymi á promynd.is/erlendur

Linda Udengård — **Baldur Þorsteinsson**
Elín Anna Baldursdóttir — **Ásgeir Gunnarsson**
Þórður Hans Baldursson — **Salka Rósinkranz**
Hrafn Björnsson — **Guðrún Biering**
Arnar Hrafnsson — **Þröstur Hrafnsson**
og barnabörn.

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

---

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

bauhaus.is

BAUHAUS®

Jólin byrja í **BAUHAUS!**

Jólatré
Normannsþinur - með gulu merki. Stærð: 150–220 cm.
GV: 6701160A.

4.495.-

Jólaglaðningur fyrir fyrstu 900 viðskiptavinina sem kaupa normannsþin með gulum merkimiða

Þegar þú kaupir tréð færðu afhenta inneignarnótu að andvirði verði trésins. Inneignarnótuna getur þú notað við vörukaup 2. – 13. janúar 2021. Framvísa skal kassakvittun með inneignarnótunni. Hámark 2 stk. á hvern viðskiptavin.

1.995.-

Jólatréskúlu
Jólaréskúlu úr gleri í rauðu og hvítu með mynstri og svörtum slaufu. Þv. 8 cm. Pr. stk. 795.-.
GV: 6104523B.

795.-

Jólatrésskraut
Bjalla úr gleri með perlum og greni til að hengja upp. GV: 6104576B.

KRINNER **6.995.-**

Jólatrésfótur
Basic S. Fyrir tré upp að 180 cm. Rúmar 1 l af vatni. GV: 6106136A.

Premium XL. Fyrir tré upp að 300 cm ..16.995.-
Premium XXL. Fyrir tré upp að 400 cm ..22.995.-

KRINNER **24.995.-**

Jólatrésfótur
Kopenhagen. Fyrir allt að 250 cm há jólatré.
GV: 6104592B.

Hefur þú séð nýja BAUHAUS blaðið?

Fallegar gjafa **hugmyndir**

weber

Grillsvunta
Svört bómull. Stærð: 152x118 cm.
GV: 7200398A.

3.195.- ~~3.295.-~~

5.995.-

Pizzusteinn
Bökunarplata úr áli fylgir. Þv. 36 cm. GV: 7230225A.

halo design **17.995.-**

Globe borðlampi
Þv. 20 cm. Hæð 30 cm. Pera fylgir ekki. E14-perustæði, hám. 1 x 40 W. Hvítur/Svartur.
GV: 2004385B.

Makita **42.995.-** ~~59.995.-~~

Bor-/skrúfvél
DHP482FWX1 Snúningsvægi 0-600/1900 snún./mín. Höggtíðni 0-51000 högg/mín. Með 3 stk. 18V Lithium rafhlöðum 3,0 Ah), hleðslutæki og 75 fylgihlutir fylgja. Kemur í verkfæratösku.
GV: 1160957A.

VIÐ FYLGJUM SÓTTVARNARREGLUM, FJÖLDATAKMARKANIR Í VÖRUHÚSI, VIÐ BERUM ÖLL ÁBYRGÐ!

VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

Með fyrirvara um myndbrengl, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk. Tilboðin gilda aðeins til og með fimmtudeginum 24. desember, meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800
upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-4 °C | 13 ↓	-5 °C | 18 ↙	-3 °C | 13 ↓
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-1 °C | 15 ↓	-3 °C | 15 ↓	-9 °C | 18 ↓

Norðan 18-25 m/s í dag, en 23-28 í vindstrengjum á suðaustanverðu landinu. Snjókoma eða él norðan- og austanlands, en annars úrkomulaust að kalla. Frost 2 til 8 stig.

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-4 °C | 10 ↙	-5 °C | 9 ↙	-5 °C | 9 ↓
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-3 °C | 12 ↓	-5 °C | 12 ↙	-11 °C | 13 ↙

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-10 °C | 4 ←	-7 °C | 3 ↑	-11 °C | 2 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-9 °C | 3 ↑	-7 °C | 2 ↓	-17 °C | 4 ↑

LÉTT

	5	6		1		7		
		1			6	5	8	3
8	9						2	6
9		7	6					8
	8	4		2			3	
3			1					
6		5			1		9	
	2		9			4		
				4				

MIÐLUNGS

		7		2	8	1		
		2			6		3	5
		6			5			
			7			2		4
	1			9				
9				6		7		8
5	6	8		1				2
3					7			1
2				8	9			

ÞUNG

								9
		8			2	5		3
2	4			8				
	9		4		3	7		
7					1		2	
8		4						
	6			7		3		
			2	1				4
9							7	

Krossgáta

LÁRÉTT
1 fullfrískur
5 yfirgaf
6 hæð
8 gróa
10 tveir eins
11 ásynja
12 loftstraum
13 slembilán
15 tala
17 þrástagast

LÓÐRÉTT
1 aukreitis
2 kisa
3 sáðkorn
4 rispan
7 fiskur
9 ljósögn
12 skipti
14 aldur
16 hvílst



LÁRÉTT: 1 alfær, 5 fór, 6 ás, 8 grænka, 10 aa, 11 eir, 12 vind, 13 gris, 15 sextán, 17 klíða
LÓÐRÉTT: 1 afgangs, 2 iora, 3 fræ, 4 rakin, 7 sardína, 9 neisti, 12 vikl, 14 rek, 16 að

Skák Gunnar Björnsson

Hardicsay átti leik gegn Fabri í Ungverjalandi árið 1981.

1...Rh5+! 2. Dxh5 Df2+ 3. Kh2 De1! 0-1.
Henrik Danielsen og Hilmir Freyr Heimisson sitja að tafli á alþjóðlegu móti í Árósum í Danmörku. Þeir höfðu báðir 2½ að loknum fjórum umferðum. Í dag fara fram tvær umferðir. Hjálmar Sigurvaldason vann sigur á þriðjudagsmóti TR á netinu.

www.skak.is: Mót í Árósum.

Svartur á leik

3	2	8	1	5	9	7	6	4
4	6	5	2	7	3	1	9	8
7	1	9	4	6	8	2	3	5
5	7	1	6	9	4	8	2	3
8	4	6	3	2	5	9	1	7
9	3	2	7	8	1	4	5	6
6	8	3	9	1	7	5	4	2
1	5	4	8	3	2	6	7	9
2	9	7	5	4	6	3	8	1

4	8	7	6	2	9	5	1	3
1	9	5	7	8	3	4	6	2
6	2	3	5	1	4	7	8	9
2	4	9	3	7	8	6	5	1
8	3	6	9	5	1	2	4	7
5	7	1	2	4	6	3	9	8
3	1	2	4	9	5	8	7	6
7	5	8	1	6	2	9	3	4
9	6	4	8	3	7	1	2	5

4	2	3	1	9	5	6	7	8
1	7	8	6	2	4	9	5	3
6	5	9	3	7	8	1	2	4
3	8	2	4	1	9	7	6	5
5	1	4	8	6	7	2	3	9
7	9	6	5	3	2	4	8	1
8	6	5	2	4	1	3	9	7
9	3	1	7	8	6	5	4	2
2	4	7	9	5	3	8	1	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Meðal bíla sem munu fá nýja undirvagninn á næstu árum eru Hyundai Prophecy, Ioniq 7 og Ionic 5.

Næsta kynslóð rafbíla

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is

Ný kynslóð undirvagna rafbíla fyrir Kia og Hyundai samsteypuna kallast E-GMP og mun verða í 25 nýjum bílum fyrir 2025 frá Kia, Hyundai og Genesis.

Kia í samvinnu við Hyundai Motor Group kynnti í gær nýjan og háþróaðan E-GMP undirvagn (Electric-Global Modular Platform) sem er sérstaklega hannaður fyrir rafbíla. Þessi nýi undirvagn verður notaður í næstu kynslóðir rafbíla hjá samsteypunni. Hann mun skila rafbílunum yfir 500 km drægni í fullri hleðslu samkvæmt WLTP staðli og bílarnir munu geta náð 80% hleðslu á innan við 18 mínútum með háhraða hleðslustöð. Rafhlaðan er með 10% meiri þéttleika en áður og til að hámarka drægi munu fjórhjóladrifsútgáfur geta ekið í tvíhjóladrifi þegar það á við. Öflugri rafbílar munu ná meiri hröðun með E-GMP undirvagninum eða úr kyrrstöðu í hundrað km hraða á innan við 3,5 sekúndum. Þeir munu ná allt að 260 km hámarkshraða.

Nýi undirvagninn mun auk þess skila rafbílunum betri aksturseiginleikum, meira öryggi og meira innanrými. Kia Motors, sem er innan Hyundai Motor Group samsteypunnar, ætlar sér að vera leiðandi í þróun rafbíla með hinum nýja E-GMP undirvagni. Kia, Hyundai og Genesis tengjast í gegnum þessa öflugu suður-kóresku samstæðu. Líkt og MEB undirvagn Volkswagen er E-GMP undirvagninn stækkanlegur sem þýðir að hann verður notaður undir margar stærðir bíla. Hyundai vonar að undirvagninn muni selja milljón rafbíla fyrir merkið á næstu fimm árum, en hann mun fara í 25 nýja rafbíla fyrir 2025. Fyrsti bíllinn til að fá nýja undirvagninn verður Ioniq 5 rafjepplingurinn sem kemur strax á næsta ári. Næstur í röðinni er smájepplingur frá Kia, Hyundai Prophecy árið 2022 og svo hafa allavega tveir Ionic bílar í viðbót verið merktir honum fyrir 2024. Talað er um að heitari N-útgáfur verði einnig bráðum í boði með allt að 600 hestafla rafmótorum.

Undirvagninn notast við 800 volta kerfi sem getur notað öflugri rafmótora.

Með nýrri rafhlöðu sem er 10% þéttari en áður verður drægið betra og hleðslutíminn styttri.

Eins og sjá má er hliðarlína EQE allt öðruvísi en E-línunnar og talsverð breyting á afturljósabúnaði.

Fyrstu myndir af Mercedes EQE

Fyrstu njósnamyndir hafa náðst af Mercedes-Benz EQE en hann verður ekki frumsýndur fyrr en 2022. Hann mun meðal annars keppa við Tesla Model S og er í sama stærðarflokki og E-línan. Bíllinn líkist þó lítið E-línunni en meira væntanlegum EQS. Þar sem engin vél er frammi í bílnum er framendinn styttri en á E-línunni. Þrátt fyrir lægri þaklínu ætti flatt gólfið á EVA undirvagninum að leyfa meira rými innan í bílnum.

Ljósabúnaður verður líka annar en áður og þá sérstaklega að aftan þar sem þau koma aðeins út frá yfirbyggingunni. Afturendinn er lengri sem bendir til stærra farangursrýmis en í E-línunni. Samkvæmt Merdedes er von á jepplingsútgáfu af EQE í framhaldinu. Verða bílarnir smíðaðir í Kína í samvinnu við BAIC.

Margt er í farvatninu hjá Mercedes þegar kemur að rafmagnsbílum en von er á nýjum MMA undirvagni árið 2025 ásamt nýrri rafhlöðu sem mun leyfa allt að 1.200 km drægi.

Performance bíllinn er 0,2 sekúndum fljótari en GT útgáfan í hundraðið.

Ford kynnir Perfomance útgáfu Mach-E GT

Ford hefur frumsýnt Mustang Mach-E GT Performance en hann mun koma á markað um mitt næsta ár. Þessi útgáfa er sett til höfuðs öflugustu útgáfu Tesla Model X og jafnar upptak hans í hundraðið, sem er 3,5 sekúndur. Það náðist með því að bæta 21 hestafli við rafmótorana sem nú eru 480 hestöfl og skila 860 newtonmetra togi.

Ford áætlar að drægið sé um 380 km samkvæmt ameríska EPA staðlinum, en hann er oft raunverulegri en evrópski WLTP staðallinn þegar kemur að drægi rafbíla. Performance útgáfan mun koma á 20 tommu álfelgum og Pirelli dekkjum og diskurinn í Brembo bremsunum að framan er 19 tommu breiður. Grunnútgáfa Mustang Mach-E fer á markað næsta vor og mesta drægi hans er um 600 km.

Inni er 15,5 tommu láréttur snertiskjár tengdur snjallsímanum.

Max Biaggi að reyna við heimsmetið á flugvellinum í Frakklandi.

Max Biaggi setur met

Fyrrum MotoGP ökumaðurinn Max Biaggi setti um daginn nýtt heimshraðamet á rafdrifnu mótorhjóli frá Voxan Wattman. Metið setti hann á flugvelli í Frakklandi þar sem hann náði 367 km meðalhraða. Náði hann mest 408 km hraða og er stefnan sett á að ná meti sem er yfir 400 km á klst. en til þess þarf tvær löglegar ferðir með innan við hálftíma millibili.

Mótorhjólið sem notað var er 300 kíló að þyngd vegna rafhlöðunnar en rafmótorinn kemur reyndar úr AMG Mercedes Formula E keppnisbílnum.

Noregur lækkar vörugjöld á vélhjól

Norska stórþingið samþykkti í gær talsverða lækkun á vörugjöldum vélhjóla, vélsleða og annarra minni ökutækja. Frumvarp þess efnis hafði verið í vinnslu síðan í haust en vegna þrýstings og samstarfs hagsmunaaðila eins og mótorhjólasamtaka, vélsleðasamtaka, samtaka innflytjenda og fleiri hafði málið verið tekið fyrir.

Helstu rökin fyrir lækkuninni eru að þessi ökutæki eru umhverfisvænni, minnka slit á vegakerfinu, taka minna pláss á götum og bílastæðum og svo mætti lengi telja. Noregur, líkt og Ísland, miðar álagningu vörugjalda við útblástur ökutækja og með minnkandi koltvísýringi eru vörugjöldin lægri. Flest þessara ökutækja losa minni koltvísýring og fyrir notendur þeirra í Noregi var það mikið réttlætismál að fá að njóta lægri vörugjalda eins og aðrir.

Norskt mótorhjólafólk fagnar.

Magnað að fylgjast með frábærum viðtökum

Hljómdiskur Sinfóníuhljómsveitarinnar, Concurrence, er tilnefndur til hinna virtu Grammy-verðlauna. Vítamínsprauta fyrir alla sem koma að verkefninu, segir hljómsveitarstjórinn Daníel Bjarnason.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þetta er gríðarlega gaman og mikill heiður fyrir alla sem komu að þessu verkefni, segir Daníel Bjarnason. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hljómdiskur Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Concurrence, er tilnefndur til Grammy-verðlauna í flokknum Besti hljómsveitarflutningur. Á disknum flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands, undir stjórn Daníels Bjarnasonar, ný verk eftir fjögur íslensk tónskáld. Fimm hljómdiskar eru tilnefndir til Grammy-verðlauna í þessum flokki, og meðal annarra tilnefninga má nefna Fílharmóníusveitina í Los Angeles og Sinfóníuhljómsveitina í San Francisco. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur einu sinni áður verið tilnefnd til Grammy-verðlauna fyrir besta hljómsveitarflutning, árið 2009.

„Grammy-verðlaunin eru sennilega þekktustu tónlistarverðlaun í heimi þannig að þetta er gríðarlega gaman og mikill heiður fyrir alla sem komu að þessu verkefni," segir Daníel.

Á disknum eru ný verk eftir fjögur íslensk tónskáld. „Þetta eru Oceans eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur og Metacosmos eftir Önnu Þorvaldsdóttur sem var pantað frá Fílhamóníunni í New York og hefur þegar verið flutt víða um heim, píanókonsert eftir Hauk Tómasson þar sem Víkingur Heiðar leikur einleik og sellókonsert eftir Pál Ragnar Pálsson, þar sem Sæunn Þorsteinsdóttir leikur á selló, en bæði þessi verk voru frumflutt á Reykjavíkurhátíðinni í Los Angeles fyrir tveimur árum. Allt eru þetta því nýleg verk," segir Daníel.

Annar af þremur

Diskurinn Concurrence er annar í röðinni af þremur í samstarfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og bandarísku útgáfunnar Sono Luminus, þar sem hljómsveitin flytur alls fjórtán ný íslensk hljómsveitarverk undir stjórn Daníels. Lokadiskur útgáfuraðarinnar, Occurrence, er væntanlegur í janúar 2021. „Þar verða meðal annnars fiðlukonsertinn minn og flautukonsert eftir Þuríði Jónsdóttur auk verka eftir Hauk Tómasson, Veronique Vöku og Magnús Blöndal Jóhannesson," segir Daníel. „Hugmyndin með útgáfunni er að gefa mynd af því sem er að gerast í þessum geira tónlistar á Íslandi í dag."

> TILNEFNINGIN VERÐUR TIL ÞESS AÐ VEKJA MEIRI ATHYGLI Á SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS.

The New York Times valdi Concurrence eina af athyglisverðustu klassísku útgáfum ársins 2019 og bandaríska útvarpsstöðin NPR valdi diskinn sömuleiðis einn af tíu bestu útgáfum ársins. Í umsögn þeirra segir meðal annars: „Eyríkið Ísland er, þrátt fyrir smæð sína, risi á sviði klassískrar tónlistar."

Setið í hring

„Það hefur verið magnað að fylgjast með þeim frábæru viðtökum sem þessar tvær plötur sem eru komnar út hafa fengið," segir Daníel. „Þetta eru miklir snillingar hjá Sono Luminus, þar eru frábærir upptökumenn og hljómurinn er sérstaklega góður. Það var beitt nýstárlegri aðferð við að taka diskana upp, hljómsveitin var látin sitja í hring og ég stóð í miðjunni og stjórnaði. Þannig verður til hringómahljóð. Það er hægt hlusta á plöturnar þannig ef maður er með græjur til þess."

Spurður hvaða máli tilnefningin skiptir fyrir hann, hljómsveitina, einleikarana og tónskáldin segir Daníel: „Þetta er ákveðin vítamínsprauta fyrir alla sem koma að þessu verkefni og ætti líka að vera hvatning fyrir öll íslensk tónskáld og flytjendur. Tilnefningin verður til þess að vekja meiri athygli á Sinfóníuhljómsveit Íslands og beinir enn sterkara ljósi að íslenskum tónskáldum."

Tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna

Fræðibækur og rit almenns efnis:

Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir
Konur sem kjósa – aldarsaga

Gísli Pálsson
Fuglinn sem gat ekki flogið

Kjartan Ólafsson
Draumar og veruleiki – um Kommúnistaflokkinn og Sósíalistaflokkinn

Pétur H. Ármannsson
Guðjón Samúelsson húsameistari

Sumarliði R. Ísleifsson
Í fjarska norðursins: Ísland og Grænland – viðhorfasaga í þúsund ár

Barna- og ungmennabækur:

Arndís Þórarinsdóttir og Hulda Sigrún Bjarnadóttir
Blokkin á heimsenda

Hildur Knútsdóttir
Skógurinn

Kristín Björg Sigurvinsdóttir
Dulstafir – dóttir hafsins

Lóa H. Hjálmtýsdóttir
Grísafjörður

Yrsa Sigurðardóttir
Herra Bóbó, Amelía og ættbrókin

Skáldverk:

Arndís Þórarinsdóttir
Innræti

Auður Ava Ólafsdóttir
Dýralíf

Elísabet Jökulsdóttir
Aprílsólarkuldi

Jónas Reynir Gunnarsson
Dauði skógar

Ólafur Jóhann Ólafsson
Snerting

Kjartan Ólafsson.

Arndís Þórarinsdóttir.

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN

Tilnefning

TIL HAMINGJU

FAGURBÓKMENNTIR



DAUÐI SKÓGAR
Jónas Reynir Gunnarsson

APRÍLSÓLAR-KULDI
Elísabet Jökulsdóttir



INNRÆTI
Arndís Þórarinsdóttir

BARNA- OG UNGMENNABÆKUR

SKÓGURINN
Hildur Knútsdóttir



BLOKKIN Á HEIMSENDA
Arndís Þórarinsdóttir og Hulda Sigrún Bjarnadóttir

FRÆÐIRIT



FUGLINN SEM GAT EKKI FLOGIÐ
Gísli Pálsson



DRAUMAR OG VERULEIKI
Kjartan Ólafsson

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga fram að jólum | **www.forlagid.is**

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.
21.00 21 - Fréttaþáttur á fimmtudegi er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Sir Arnar Gauti Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og mörgu, mörgu fleira.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.30 Spaugstofan 2007 - 2008
10.00 Gestir og gjörningar Skrúður - Hótel Saga
11.00 Upplýsingafundur Almannavarna
11.30 Heimaleikfimi
11.40 Klofningur. The Split
12.35 Taka tvö Hrafn Gunnlaugsson
13.35 Á götunni Karl Johan
14.05 Maður er nefndur Aðalsteinn Guðjónsson
14.35 Eldhugar íþróttanna. John Daly
15.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1991-1992
15.55 Veröld sem var. Bara húsmóðir
16.35 Séra Brown
17.20 Jóladagatalið. Snæholt
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Jóladagatalið - Jól í Snædal
18.25 Allt um dýrin
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.55 Lag dagsins
20.05 Kveikur
20.45 Mamma mín. Morra mi
21.05 Njósnir í Berlín. Berlin Station II
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.25 Lögregluvaktin Chicago PD
23.15 Sæluríki. Lykkeland
00.00 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.00 European Tour 2020 Bein útsending frá Golf in Dubai Championship.
09.00 Champions Tour Highlights
10.00 European Tour 2020 Bein útsending frá Golf in Dubai Championship.
13.00 PGA Special. Arnold Palmer Network
13.35 PGA Tour 2020 Útsending frá The RSM Classic.
17.00 PGA Tour 2019 Útsending frá Mayakoba Golf Classic.
18.30 PGA Tour. The Cut
19.00 PGA Tour 2020 Bein útsending frá Mayakoba Golf Classic.
22.00 European Tour 2020 Útsending frá South African Open.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 Man with a Plan
14.25 George Clarke's Old House, New Home
15.10 BH90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Kids Are Alright
19.30 Single Parents
20.00 Gordon, Gino and Fred. Road Trip
21.00 Devils
21.50 How to Get Away with Murder
22.35 The Twilight Zone (2019)
23.25 The Late Late Show
00.10 Emergence
00.55 Stumptown
01.40 Catherine the Great (2019)
02.40 Beasts of the Southern Wild
04.10 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Dánarfregnir
13.02 Það sem skiptir máli
13.05 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið"Au!" mætir Gosunum
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Tónlistarkvöld útvarpsins
21.00 Mannlegi þátturinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.40 Every Day
12.15 Lego Movie 2. The Second Part
14.00 Finding Your Feet
15.50 Every Day
17.25 Lego Movie 2. The Second Part
19.10 Finding Your Feet
21.00 24 Hours to Live
22.30 American Fango Gamanmynd frá 2016. Francesco er ungur ítalskur leikari sem ákveður að leggja allt sitt undir og fara til Los Angeles að freista gæfunnar.
00.10 Escape Plan 2. Hades
01.45 24 Hours to Live

STÖÐ 2

08.05 The Middle
08.25 God Friended Me
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Divorce
10.35 All Rise
11.15 Í eldhúsinu hennar Evu
11.40 Veep
12.05 Jóladagatal Árna í Árdal
12.35 Nágrannar
12.55 The X-Factor
13.50 The X-Factor
14.35 Jamie Cooks Italy
15.20 Doghouse
16.10 The Great Christmas Light Fight
16.50 The Great Christmas Light Fight
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Lífið utan leiksins
19.35 Temptation Island
20.20 Masterchef UK
21.20 LA's Finest
22.15 NCIS. New Orleans
22.55 Ummerki
23.25 Briarpatch
00.15 Silent Witness
01.15 Silent Witness
02.15 Colette

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDAN

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.50 The Goldbergs
21.15 Who Do You Think You Are?
22.20 Game of Thrones
23.10 Game of Thrones
00.05 Roswell, New Mexico
00.50 Friends
01.10 Friends
01.35 The Goldbergs

STÖÐ 2 SPORT

09.00 Lazio - Udinese
10.40 Nottingham Forest - Swansea Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
12.20 Barcelona - Osasuna Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
14.00 AC Milan - Fiorentina Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
15.40 Getafe - Athletic Bilbao Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
17.20 Cagliari - Spezia
19.00 Celta Vigo - Granada
20.40 Napoli - Roma Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
22.20 Ítölsku mörkin Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
23.10 Seinni bylgjan - karla Markaþáttur Olís deildar karla.

STÖÐ 2 SPORT 2

07.40 New England Patriots - Arizona Cardinals
10.10 Istanbul Basaksehir - Leipzig
11.50 Juventus - Dynamo Kiev
13.30 Sevilla - Chelsea
15.10 Manchester United - PSG
16.50 Meistaradeildarmörkin
17.10 NFL Gameday
17.45 CSKA Moskva - Wolfsberg Bein útsending frá leik í Evrópudeild UEFA.
19.50 Arsenal - Rapid Vín Bein útsending frá leik í Evrópudeild UEFA.
21.55 Man in the Middle
22.55 LASK Linz - Tottenham
00.35 AZ Alkmaar - Napoli

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Skótöskur
Góðar töskur undir skíðaskó
Verð frá 6.495,-

Skíðatöskur
Margar stærðir í boði
Verð frá 9.995,-

Gönguskíðabuxur
Hágæðabuxur frá Swix Northug og Craft
Verð frá 14.995,-

Skíðavörurnar komnar

Skíðahjálmar
Mikið úrval af hjálmum á alla fjölskylduna
Verð frá 13.995,-

Gönguskíðajakkar
Hágæða jakkar frá SWIX, Northug og Craft
Verð frá 16.995,-

Gönguskíðahanskar
Mikið úrval af hönskum og lúffum fyrir skíðagöngu
Verð frá 4.995,-

Sólgleraugu
Mikið úrval af sólgleraugum
Verð frá 7.995,-

Skinnskíðapakkar
Skíði, bindingar, stafir og skór
Verð frá 48.708,-

Skíðagleraugu
Mikið úrval af gleraugum á alla fjölskylduna
Verð frá 9.995,-

20% afsláttur af öllum skíða pökkum

Herraskíðapakkar
Skíði, bindingar og skór
Verð frá 69.588,-

Dömuskíðapakkar
Skíði, bindingar og skór
Verð frá 75.988,-

Barnaskíðapakkar
Skíði, bindingar og skór
Verð frá 38.148,-

FISCHER · RUDY PROJECT · STEVENS BIKES · KV+ · alpina · swix · Vango · HEAD

Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun

„Og ég settist bara niður og þá kom sagan og var bara tilbúin í höfðinu á mér,“ segir Elísabet sem náði loks textatökum á geðveiki sinni með aðferðum skáldskaparins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sjálfsvinnan er nýjasta geðveikin

Elísabet Jökulsdóttir endaði í geðrofi eftir að faðir hennar lést. Hún gerir upp við ástina, geðveikina og fortíðina í bókinni Aprílsólarkuldi þar sem ung móðir er nauðungarvistuð þegar hún er á fullu við að bjarga heiminum.

Bókin Aprílsólarkuldi (Eitthvað alveg sérstakt) Frásögn um ást og geðveiki og huggun fjallar um Védísi, unga einstæða móður sem missir föður sinn skyndilega og vitið í kjölfarið. „Þetta er svona sjálfsævisögulegt og byggt á minni sögu en ég nota samt aðferðir skáldskaparins,“ segir Elísabet Jökulsdóttir um þessa nýjustu bók sína.

„Ég breyti nöfnum og ef ég hefði notað fyrstu persónu fornafnið „ég“ þá held ég að þetta hefði orðið svolítið leiðinlegt, skilurðu? Og svona einhver kannski þúsund blaðsíðna ævisaga en af því að þetta er skáldsaga þá verður þetta bara svona stutt, hnitmiðað og af því að þetta er skrifað sem skáldsaga en er einhvern veginn svona alveg á mörkunum þá víbrar þetta í ljósaskiptunum.“

Sagan brýst fram

Elísabet segist hafa gert ýmsar atrennur að þessari sögu í tíu ár. „Af því að ég veiktist á geði og mig langaði svo að vita út af hverju þá fór ég að skrifa bók en það gekk aldrei neitt þangað til einn daginn þá bara settist ég niður og gafst upp og þá kom þessi hugsun: Skrifaðu bara söguna eins og hún var,“ segir Elísabet.

„Og ég settist bara niður og þá kom sagan og var bara tilbúin í höfðinu á mér. Eftir þessi tíu ár þá hafði hún aldrei fengið að brjótast fram af því að ég var alltaf að reyna að hafa þetta svo fullkomið og setja þetta í eitthvert form.“

Elísabet segir aðspurð að vissulega hafi verið léttir að skrifa söguna og jafnvel enn frekar að koma henni út. „Annars er þetta bara búið og mjög fínt að þetta skuli vera komið út og mikill léttir sem fylgir því og einhvers konar sátt við að hafa veikst á geði og geta bara skrifað það þannig að fólk viti af því.

Mér finnst alveg merkilegt hvað fólki finnst þetta grátlegt og sorglegt. Þetta ferðalag hennar af því mér finnst það svona eftir á pínu fyndið sko. Eða ekki fyndið. Heldur svona kómískt.

Glíman við geðveikina

Þetta er svo skrítið af því mér fannst þetta einhvern veginn, þegar frá líður, voða eðlilegt að veikjast svona á geði og ganga um göturnar og vera rekin áfram af einhverju afli sem hefur tekið sér bólstað í Védísi og hún trúir að sé Guð og Guð hafi útvalið hana af öllum manneskjum á jörðinni til þess að frelsa heiminn,“ segir Elísabet og heldur áfram:

„En ég er bara rosa ánægð ef ég hef getað lýst því þannig að það væri líka sorglegt. Vegna þess að það er svo erfitt að lýsa geðveiki og ég hef svo oft reynt að lýsa geðveiki með einhverjum hugleiðingum og pælingum en þarna lýsi ég henni meira utan frá. Þessu ferðalagi.

Hvernig hún ferðast þarna milli staða endalaust og það er eins og það gefi dýpri skilning á geðveiki heldur en ef maður er með einhverjar svona pælingar og hugleiðingar um þetta allt og að reyna að skrifa hvað sé að gerast í höfðinu á manni.“

Hausinn á yfirsnúningi

Elísabet segir að fyrir utan stöku eyður þá muni hún vel, sérstaklega eftir á, eftir bálinu sem geisaði í huga hennar þegar hún var í geðrofinu. „Ég man líka þessa þjáningu þegar hausinn á manni fer á yfirsnúning og maður getur ekki stoppað á sér hausinn.

Og þetta var 1979 og svo 1997 fer ég í ennþá hræðilegri maníu þar sem það kom til mín einhver ofsjón, eða svona hugarsýn, sem sagði mér að ef ég færi ekki niður á Austurvöll og dansaði nakin þá mundu þau taka elsta son minn frá mér og ég náttúrlega, þú veist, trúði þessu og gerði það. Þannig að þetta er bara skelfileg veiki. Að vera rekin áfram af einhverju afli sem er geðveiki en kallar sig eitthvað annað.“

Ástin og geðveikin

Elísabet segir að vissulega sé bókin einhvers konar uppgjör en ekki endilega við föður hennar, móður eða hana sjálfa. „Þetta er kannski meira svona uppgjör kannski við ástina og geðveikina. Og já. Auðvitað er þetta uppgjör. Ég er bara að segja sögu. Ég er bara að segja sögu af þessari stelpu sem flæktist um í heiminum og ég áttaði mig líka á að ég er að mörgu leyti búin að taka 40 ár í að syrgja pabba minn. Og nú er það búið með útgáfu þessarar bókar,“ segir Elísabet og staldrar við eina af ótal þversögnum sögu sinnar.

„Samt hefur lífið verið miklu stórkostlegra heldur en mig nokkurn tímann óraði fyrir. Þetta er ekki eitthvað eitt. Þetta er svo mótsagnakennt. Alveg eins og það er blessun að hafa veikst af geðhvörfum til að geta sagt söguna af því og til að geta kynnst því og miðlað til annarra og hjálpað öðrum og líka fatta að þetta er ættgengt.

> **ÞANNIG AÐ ÞETTA ER BARA SKELFILEG VEIKI. AÐ VERA REKIN ÁFRAM AF EINHVERJU AFLI SEM ER GEÐVEIKI EN KALLAR SIG EITTHVAÐ ANNAÐ.**

Þetta er bara sjúkdómur sem leysist úr læðingi við þetta rosalega áfall sem að sumu leyti hefur hindrað mig í lífinu og að komast þangað sem ég vil komast en líka blessun og Guð bara gaf mér nokkur áföll til þess að skrifa um. Þarna fékk ég strax þegar ég er tvítug efni til að skrifa um þó að það hafi tekið svona langan tíma.“

Nýjasta geðveikin

Í dramatískasta hluta bókarinnar sviptir móðir Védísar hana sjálfræði og Elísabet segist eftir á að hyggja telja að móðir hennar hafi gert rétt með því láta á sínum tíma flytja hana nauðuga á geðdeild.

„Ég held að ég hefði kannski bara orðið krónískur geðsjúklingur ef mamma hefði ekki tekið í taumana. Ég hrökk þarna við og þetta stoppaði mig að einhverju leyti. Ég fór að vísu í mjög mikið þunglyndi eftir þetta og hausinn á mér var svona bleksvartur af skömm yfir að hafa veikst á geði,“ segir Elísabet og bætir við að hún verði enn að passa sig á þessari skömm.

„En ég held hún komi líka frá samfélaginu. Eins og verið er að benda á núna í sambandi við einelti að þá er þetta ekki bara gerandinn eða þolandinn heldur líka þessi eineltismenning og ég held að það sé svona skammarmenning sem getur verið erfitt að uppræta,“ segir Elísabet um hliðstæðuna sem hún sér í geðheilbrigðismálunum.

„Ég meina. Fyrir tuttugu árum þá voru kannski meiri fordómar gagnvart geðveikum en fólk mátti líka vera skrýtið. Nú eiga allir að vera að vinna í sjálfum sér alveg á fullu og ef menn eru ekki að vinna í sjálfum sér þá kemur líka skömm, skilurðu? Það er eins og það sé alltaf verið að leita að einhverri skömm.

Við máttum kannski vera pínulítið skrýtin en það má enginn vera skrýtinn í dag, þú veist. Af því hann á bara að vera rosa duglegur að taka lyfin og það er bara ekkert alltaf hægt sko. Að vera duglegur að vinna í sjálfum sér. Það er svona nýjasta svipuhöggið. Nýjasta geðveikin,“ segir Elísabet og hlær prakkaralega.

toti@frettabladid.is

EXTRA FJÖLBREYTT
ÚRVAL LEIKFANGA FRÁ COSTCO*

3.499.-

6.999.-

2.499.-

3.999.-

4.999.-

3.499.-

4.499.-

3.999.-

3.999.-

3.499.-

6.999.-

EXTRA

Kemur með Costco til þín...

Barónsstíg 4, 101 Reykjavík • Mýrarvegi, 600 Akureyri
Hafnargata 51-55, 230 Reykjanesbæ

* BREYTILEGT ÚRVAL MILLI VERSLANA

METSÖLULISTI EYMUNDSSON
25.11.20 – 01.12.20



1 **Snerting**
Ólafur Jóhann Ólafsson



2 **Þagnarmúr**
Arnaldur Indriðason

3 **Bráðin**
Yrsa Sigurðardóttir



4 **Vetrarmein**
Ragnar Jónasson

5 **Gata mæðranna**
Kristín Marja Baldursdóttir

6 **Spænska veikin**
Gunnar Þór Bjarnason



7 **Þín eigin undirdjúp**
Ævar Þór Benediktsson

8 **Orri óstöðvandi - Bókin hennar Möggu Messi**
Bjarni Fritzson



9 **Dýralíf**
Auður Ava Ólafsdóttir



10 **Eldarnir**
Sigríður Hagalín Björnsdóttir

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Pennin Eymundsson

Rafmagnslaus strætó er til sölu á Akureyri

Leó Jóhannesson eignaðist strætisvagn fyrir hálfgerða tilviljun í bílaviðskiptum og auglýsir hann til sölu á Facebook. Áhugasamir sjá vagninn fyrir sér sem húsbíl, geymslu og jafnvel sumarbústað.

Hann er gangfær en það vantar í hann alternator en ef það er hlaðinn rafgeymir í honum þá er ekkert mál að setja hann í gang og keyra af stað," segir Leó Jóhannesson sem býður fimmtán ára gamlan strætisvagn til sölu í hópnum Brask og brall á Facebook.

„Þessi strætó er af gerðinni Iveco Irisbus árgerð 2005 og er keyrður 750.000 kílómetra," segir Leó og bætir við að þrjú ár eru síðan Strætó hætti að nota vagninn. „Þá var hann seldur sem geymsla á 600.000 þúsund og ég held að hann hafi skipt þrisvar um eigendur síðan honum var lagt þarna þar sem hann er núna og hefur staðið óhreyfður. Hann er bara búinn að ganga á milli í braski."

Vagninn hleður sig ekki en með lítilli fyrirhöfn og hlöðnum rafgeymi má koma honum í gang og aka af stað frá Goðanesinu. MYNDIR/LEÓ JÓHANNESSON

Oftast í varahluti

Guðmundur Heiðar Helgason, upplýsingafulltrúi Strætó, segist ekki vita nákvæmlega hvaðan þessi tiltekni strætisvagn kemur. „Meginreglan er sú að við erum ekki að selja þá og þeir eru yfirleitt notaðir í varahluti þegar þeir eru komnir til ára sinna," segir Guðmundur og bætir við að stundum komi fyrir að verktakar sem keyra fyrir Strætó losi sig við vagna með því að selja þá.

„En það koma öðru hvoru beiðnir og við höfum áður selt einhverja gamla vagna ódýrt," segir Guðmundur og nefnir til dæmis gamlan Volvo sem endaði sem hótel við Esjurætur.

Beðið eftir kaupanda

Leó er Akureyringur og þar stendur vagninn við Goðanes, númerslaus, og bíður nýs eiganda, en Leó reiknar ekki með að sú bið verði löng í ljósi athyglinnar sem vagninn hefur vakið á Brask og brall.

„Númerin á honum liggja inni og það hvíla 90.000 krónur á honum. Ásett verð á svona græju er 450.000 en hann fæst á 200.000 með skuldinni og í þessu standi," segir Leó og bendir, eins og í auglýsingunni á Facebook, á að hann skoði öll skipti með opnum huga.

„Ég hef örugglega fengið 50-60 fyrirspurnir og þá aðallega skiptitilboð," segir Leó og bendir á að athugasemdahalinn við auglýsinguna sé orðinn langur og mikið um að fólk „taggi" vini og kunningja sem það telur hafa áhuga á því að eignast strætisvagn.

Eignaðist vagninn óvænt

„Hann er ekki seldur enn þá en ég er með tvö mjög góð boð í hann sem ég er að skoða. Besta boðið sem ég er með er bíll sem er settur á 650 þúsund í hreinum skiptum."

„Ég bara eiginlega veit ekki hvernig þetta skeði en allt í einu var þetta komið í hendurnar á mér," segir Leó þegar hann er spurður að því hvernig í ósköpunum hann eignaðist strætisvagn.

„Það var eiginlega bara óvart sko. Hann var náttúrlega seldur sem geymsla fyrir þremur árum og svo gekk hann á milli eigenda þangað til vinur minn eignaðist hann í við-

Vagninn er ekki á leið en nýjum eiganda ættu þó að vera flestir vegir færir.

Leó er ýmsu vanur í bílaviðskiptum þannig að einn strætisvagn til eða frá truflar hann ekki.

> ÉG HEF MEST GAMAN AF UNDARLEGUM SKIPTUM OG HEF TIL DÆMIS TEKIÐ HESTA UPP Í BÍLA.

skiptum og ég tók við honum þar og við eigum hann tveir saman."

Leó segist ýmsu vanur í viðskiptum og að strætó sé ekkert endilega það undarlegasta sem rekið hafi á fjörur hans. „Ég hef verið í braskinu lengi. Byrjaði í bílum en svo er ég í öllu bara sem býðst og var að setja bát á sölu í fyrradag.

Ég hef mest gaman af undarlegum skiptum og hef til dæmis tekið hesta upp í bíla. Ég seldi þá til Þýskalands og svo fékk ég einu sinni röntgentæki upp í bíl en ég þorði aldrei að setja það í gang af því ég veit ekkert hvernig röntgen virkar."

Næsta stopp?

Þótt það megi með góðum vilja og lítilli fyrirhöfn koma strætisvagninum í gang er eins líklegt að hann verði áfram kyrrstæður. „Þeir sem hafa sýnt honum áhuga sjá hann aðallega fyrir sér sem geymslu eða húsbíl. Það var líka komin hugmynd um að taka undan honum dekkin, koma fyrir á bitum á lóð, bárujárnsklæða hann og gera sumarbústað úr honum," segir Leó þegar talið berst að ýmsum notkunarmöguleikum vagnsins.

„Svo var enn einn sem langaði að setja hann fyrir utan sumarbústaðinn hjá sér sem fönduraðstöðu. Síðan kom helvíti gott komment við auglýsinguna um að maður ætti bara að taka hring á honum og hirða upp fólk í skýlum og fara með það í óvissuferð," segir Leó og hlær.

toti@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

BYKO

Jólin byrja í BYKO

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Jólakúlur
rauðar, 50mm
16 stk.

755
88472471

Toppur
rauður, 29cm

495
88472480

Ljósakrans
Edge 40cm 30Led svartur.

6.595
51881047

Leiðiskross
með LED ljósum, gengur fyrir rafhlöðum og með innbyggðan timer.

9.495
51880639

Ljós
Ida hvítt, með 7 LED ljósum.

3.495
51880684

Pappírsstjarna
50cm grá, rauð, blá eða hvít, LED.

4.995 10 ljósa
46600579-82

Stjarna
Klassík, messing eða kopar 28cm. E14 pera fylgir ekki með.

4.195
51880172/849

Jólatré
hvítt 210cm 1000 greina.

14.295
88968040-1

Jólatré
hvítt 150cm 300 greina

3.895
88968040-1

Sería
á jólatréð, nokkrar stærðir; 150cm 126ljósa, 180cm 171ljósa, 210cm 223ljósa eða 240cm 283ljósa.
Verð frá:

3.595
42495460-3

Viðbrögð við COVID-19

Við dreifum álaginu og höfum opið lengur

Virkir dagar 8-20

Verslaðu á netinu á byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Verslun í Kringlunni

JOE BOXER

joeboxer.is

BAKÞANKAR

Thomasar Möller

Um dugnað

Ég held að við Íslendingar séum duglegasta þjóð heims. Það sýna hagtölur að minnsta kosti. Þar segir að við vinnum einn lengsta vinnudag Evrópuþjóða og flesta yfirvinnutíma á ári. Við höfum eina lengstu starfsævi og erum að auki með þriðju hæstu meðallaun á Vesturlöndum. Við erum meðal þeirra þjóða sem eru með hvað hæstu þjóðarframleiðslu á mann á ári. En þurfum við að strita svona mikið?

Þjóðverjar eru þekktir fyrir vinnusemi sína og dugnað. Þeir eru stoltir af því og kenna nákvæmni og aga í skólum. En nú hefur þýska stjórnin hafið auglýsingaherferð þar sem leti er sögð dyggð. Ódugnaður er þar sögð leið Þjóðverja út úr COVID-ástandinu. Boðskapurinn er að með því að vera latur og óvirkur geti maður minnkað útbreiðslu veirunnar.

Við þekkjum þetta hér á landi. Þrýstingurinn hvetur okkur til að ferðast minna, vinna heima, eiga minni samskipti og forðast samkomur. Vera svolítið löt og minna virk. Dugnaðurinn sem hefur hingað til verið talinn einn besti eiginleiki okkar er skyndilega orðinn löstur!

„Honum féll aldrei verk úr hendi“ er algeng lýsing á duglegum manni í minningargreinum. Dugnaður forfeðra okkar hefur vissulega fært okkur góð lífskjör. En þurfum við að vera svona dugleg? Gætum við hugsanlega náð sama árangri með færri vinnustundum og betra vinnuskipulagi? Meira vinnur vit en strit segir málshátturinn. Bent skal á að bæði strit og vit mannsins hefur leitt til þróunar tækja sem spara tíma og auka afköst.

Ég er alls ekki að hvetja til leti. En nú skulum við hlýða Víði og vera pínulítið löt og ódugleg í smá tíma eins og Þjóðverjarnir. Svo getum byrjað nýtt ár aftur á fullri ferð með dugnaðinn að leiðarljósi.

Beint í bílinn úr lúgunni

Kvikk ON THE GO | ORKAN

Einfaldaðu aðventuna!

JÓLAHLAÐBORÐIÐ

— KEMUR TIL ÞÍN Í ÁR —

JÓLAHLAÐBORÐ
4.850 kr.
Fyrir 2

JÓLABAKKI
4.650 kr.
12 snittur
fyrir 4

KJÚKLINGAVÆNGIR
2.490 kr.
TILBOÐ
40 bitar
fyrir 5

KJÚKLINGA-BORGARAR
2.490 kr.
TILBOÐ
15 bitar
fyrir 5

KJÚKLINGA-TVENNA
2.490 kr.
TILBOÐ
31 bitar
fyrir 5

Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15 næsta virka dag fyrir afhendingu.

somi.is / 565 6000



Mest selda rafhjólið í Húsasmiðjunni

149.900kr

enox enjoy life
Þýskt gæðamerki

Rafmagnshjól ENOX YADEA EBX37
7 gíra borgarhjól, 36V rafhlaða, Bafang mótor að framan, hleðslutími 3-6 klst., Tektro V bremsur. Stillanlegt framstýri, ljós að framan og aftan, bögglaberi, bretti, bjalla, keðjuhlíf, dempari að framan, áfastur lás fylgir með. **3903103**

Vinsæl vara

99.990kr

Sjónvarp 4K CL65S-4K
ENOX Clarity Line 65" snjallsjónvarp, ný 2021 lína. Metalic Black rammi, frábær mynd, sérstaklega aðlagað NETFLIX. **1860800**

enox enjoy life
Þýskt gæðamerki

Vinsæl vara

25%

BLACK+DECKER

19.995kr
~~26.995kr~~

Hleðsluborvél + 80 fylgihlutir
18V, tvær rafhlöður, 1.5Ah, hersla 40Nm, hraði 0-360/1400, Led ljós. **5245561**

32%

NEO TOOLS

2.595kr
~~3.795kr~~

Verkfærataska
18". **5024482**

Vinsæl vara

37%

NEO TOOLS

9.995kr
~~15.875kr~~

Topplyklasett
1/2", 38ST + bitar, toppar 10-32 mm. **5052506**

Vinsæl vara

25%

BLACK+DECKER

6.745kr
~~8.995kr~~

Skrúfvél 3,6V
Hraðhleðsla, 60 mín., kemur í tösku, Led ljós sem auðveldar vinnu, 5.5Nm hersla. **5246076**

20%

HiKOKI

39.995kr
~~49.978kr~~

Borvél 18V +100 fylgihlutir
2 stk., 2.5Ah Li-Ion Rafhlöður, 2ja gíra, hersla 52Nm, 22 átaksstillingar sn./mín., 0-450/1250, Led ljós. **5247085**

Jólagjafir í úrvali

Skoðaðu jólablaðið á **husa.is**

Vertu WiZ um jólin

Stjórnaðu lýsingunni
með WIZ snjallperum

WiZ
100W, E27, RGB.
6238000
3.790kr

30%

3.839kr
~~5.490kr~~

Mínútugrill
Tristar. **1841219**

25%

schou EST. 1963

3.289kr
~~4.385kr~~

Veðurstöð
Þráðlaus, mælir frá -20°C-60°C. **5857766**

Vinsæl vara

AEG

79.990kr
~~89.990kr~~

Þvottavél AEG 8 kg, 1400 sn. L6FBI48S
AEG þvottavél með kolalausum mótor. Prosense tæknin vigtar sjálfkrafa þyngd þvottar og velur ákjósanlegan þvottatíma. Styttir þannig bæði tíma, vatn og orku. **1860502**

HÚSASMIÐJAN
JÓLIN FYRIR ÞIG

HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

Taktu forskot

32 síðna Jólablað Húsasmiðjunnar
fylgir Fréttablaðinu á morgun,
en þú getur skoðað það
í dag á **husa.is**

Íslensk stafafura

Allar stærðir, eitt verð

8.990 kr

Stærðir: 150-300 cm,
beint frá bónda, sérræktuð
jólatré fyrir Blómaval

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið mismunandi milli verslana.

Jólatré

Normannsþinur

Afmælistré Blómavals

Allar stærðir, 150-240 cm,
eitt verð, **meðan birgðir endast**

3.990 kr

~~5.990 kr~~



50 ára blómaval

Bjóðum einning sérvalinn
Normannsþin í hæsta gæðaflokki
í mörgum stærðum eins og áður